





Sinfóníuhljómsveit Íslands í blóma

2023

LAU 19.08 Kl. 15 og 17
OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT

Vinsæl verk eftir tónskáld á borð við Bach, Mozart, Brahms og Gade

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Vigdís Hafliðadóttir kynnir og söngkona

FIM 24.08 Kl. 20:00
SIGGI OG SIGGA MEÐ SINFÓ
EINU SINNI Á AGÚSTKVÖLDI

Bernhaður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson
einsöngvarar

FÖS 01.09 Kl. 20:00
KLASSÍKIN OKKAR
KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

Efnisskrá kynnt síðar

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Guðni Tómasson
Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnar

FIM 07.09 Kl. 19:30
EVA STJÓRNAR ELDFUGLINUM

Daníel Bjarnason
I Want To Be Alive I: Echo / Narcissus
Anders Hillborg
Sellókonsert
Sofía Gubaidulina
Ævintýraljóð
Igor Stravinskij
Eldfuglinn (svíta)

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Amalie Stalheim einleikari

LAU 09.09 Kl. 11:30
BARNASTUND SINFÓNUNNAR

Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
hljómsveitarstjóri

FIM 14.09 Kl. 19:30
KONSERTPRENNA MEÐ
EMMANUEL PAHUD

Claude Debussy
Forleikur að síðdegi skógarpúkans
Camille Saint-Saëns
Odelette
Toru Takemitsu
I Hear the Water Dreaming
Cecile Chaminade
Concertino
Johannes Brahms
Sinfónía nr. 1

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Emmanuel Pahud einleikari

LAU 23.09 Kl. 14:00
ÁSTARSAGA ÚR FJÖLLUNUM
LITLI TÓNSPROTINN

Edvard Grieg
Prelúdía úr Holberg-svítunni
Edvard Grieg
Tröllamars
Guðni Franzson
Ástarsaga úr fjöllumum

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Jóhann Sigurðarson
söngvari og sögumaður

SUN 24.09 Kl. 17:00
UNGSVEITIN LEIKUR BERLIOZ

Hector Berlioz
Symphonie fantastique
(Draumórasinfónían)

Ungsveit Sí
Nathanaël Iselin hljómsveitarstjóri

FIM 28.09 Kl. 19:30
JÓHANN JÓHANNSSON
OG PHILIP GLASS

Jóhann Jóhannsson
Virðulegu forsetar (Part 1.0)
Philip Glass
Sinfónía nr. 1
Jóhann Jóhannsson
Odi et Amo
Jóhann Jóhannsson
A Prayer to the Dynamo

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Jóna G. Kolbrúnardóttir sópran

FIM 05.10 Kl. 19:30
ANNA OG ELGAR

Richard Wagner
Parsifal, forleikur
Edward Elgar
Sellókonsert
Anna Þorvaldsdóttir
AIÖN sinfónía

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Kían Soltani einleikari

FÖS 06.10 Kl. 18:00
ARCHORA
FÖSTUDAGSRÖÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU

Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS
Heyr þú oss himnum á
Ad Genua
ARCHORA

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Bryndís Guðjónsdóttir einsöngvari
Kór Hallgrímskirkju

FIM 12.10 Kl. 19:30
ELDBJØRG OG TORTELIER

Gabriel Fauré
Forleikur að Pénélope
Jean Sibelius
Fiðlukonsert
Ernest Chausson
Sinfónía í B-dúr

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Eldbjörg Hemsing einleikari

FIM 19.10 Kl. 19:30
ERIC LU LEIKUR MOZART

Bohuslav Martinů
Tvíkonsert fyrir tvær strengjasveitir,
píanó og pákur
Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert nr. 27
Antonín Dvořák
Sinfónía nr. 8

Dinis Sousa hljómsveitarstjóri
Eric Lu einleikari

FIM 26.10 Kl. 19:30
GERSTEIN LEIKUR
RAKHMÁNÍOV

Jennifer Higdon
blue cathedral
Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 3
Sergej Prokofjev
Rómeó og Júlía, svíta

Stéphane Denève hljómsveitarstjóri
Kirill Gerstein einleikari

FIM 02.11. Kl. 19:00
ÁSGEIR TRAUSTI OG SINFÓ
Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND AIRWAVES

Tónlist Ásgeirs Trausta í nýjum
hljómsveitarútgötum

Anthony Weeden hljómsveitarstjóri
Ásgeir Trausti einsöngvari

FIM 09.11 Kl. 19:30
BARTÓK OG BEETHOVEN

Veronique Vaka
Inmost
Béla Bartók
Fiðlukonsert nr. 2
Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 3

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Leila Josefowicz einleikari

FIM 16.11 Kl. 20:00
FÍLALAG OG SINFÓ
BERGUR EBBI OG SNORRI HELGASON
FÍLA KLASSÍSKA TÓNLIST

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Bergur Ebbi
Snorri Helgason
Fílalag

FÖS 17.11 Kl. 18:00
PHILIP GLASS
FÖSTUDAGSRÖÐ

Philip Glass
Sinfónía nr. 8

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

MÍÐ 29.11 – FIM 30.11 Kl. 19:30
THE KING'S SINGERS
AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Adam Hickox hljómsveitarstjóri
The King's Singers sönghópur

LAU 16.12 Kl. 14:00 og 16:00
SUN 17.12 Kl. 14:00 og 16:00
JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR
LITLI TÓNSPROTINN

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Páll Óskar Hjálmtýsson
Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
Kolbrún Vöikudóttir
einsöngvarar
Stúlknakór Reykjavíkur
Kammerkórinn Aurora
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Ungir tónlistarnemendur

2024

FIM 04.01 – LAU 06.01
VÍNARTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR
Óperettutónlist, valsar og polkar.

Mirían Khukhunaishvili hljómsveitarstjóri
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir
Oddur Arnþór Jónsson
einsöngvarar

FIM 11.01 Kl. 19:30
ENIGMA TILBRIGÐIN

Samuel Coleridge-Taylor
Balláða í a-moll
Helen Grime
Fiðlukonsert
Edward Elgar
Enigma-tilbrigðin

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Leila Josefowicz einleikari

FÖS 12.01 Kl. 18:00
PORTRETT AF LEILU JOSEFOWICZ
EINLEIKSTÓNLEIKAR Í FÖSTUDAGSRÖÐINNI

Matthias Pintscher
La linea evocativa:
Teikning fyrir einleiksfiðlu
Johann Sebastian Bach
Partíta fyrir einleiksfiðlu nr. 2

Leila Josefowicz einleikari

FIM 18.01 Kl. 19:30
MYNDIR Á SÝNINGU

Alberto Ginastera
Fjórir dansar úr Estancia
Anna Clyne
Dance, sellókonsert
Modest Mússorgskij
Myndir á sýningu (úts. Maurice Ravel)

Emilia Hoving hljómsveitarstjóri
Senja Rummukainen einleikari

FIM 25.01 Kl. 19:30
JÓNAS ÁSGEIR OG
GJÖRNINGAKLÚBBURINN
MYRKIR MÚSIKDAGAR

Bergrún Snæbjörnsdóttir
Striations
Þuríður Jónsdóttir
Installation around a Heart
Finnur Karlsson
Harmonikkukonsert
Gjörningaklúbburinn,
Una Sveinbjarnardóttir
og Ólafur Björn Ólafsson
Flökkusinfónían

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Gjörningaklúbburinn
Jónas Ásgeir Ásgeirsson einleikari

FIM 01.02 Kl. 19:30
GROSVENOR LEIKUR BUSONI

Sergej Prokofiev
Klassíska sínfónían
Ferruccio Busoni
Píanókonsert

Kornílios Michailídis hljómsveitarstjóri
Benjamin Grosvenor einleikari
Karlakórinn Fóstbræður
Árni Harðarson kórstjóri

FIM 08.02 Kl. 19:30
MENDELSSOHN OG BEETHOVEN

Charles Ives
Sínfónía nr. 3
Felix Mendelssohn
Fiðlukonsert í e-moll
Caroline Shaw
Entr'acte
Ludwig van Beethoven
Sínfónía nr. 8

Ludovic Morlot hljómsveitarstjóri
Vadim Gluzman einleikari

LAU 17.02 Kl. 14:00
DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ
LITLI TÓNSPROTINN

Atli Heimir Sveinsson
Dimmalimm
Pjotr Tsjajkovskij
Úr Svanavatninu
Atli Heimir Sveinsson
Kvæðið um fuglana

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir og sögumaður
Gradualekór Langholtskirkju
Listdansskóli Íslands

FIM 22.02 Kl. 19:30
NIELSEN OG SCHUMANN

György Ligeti
Concert Románesc
Carl Nielsen
Fiðlukonsert
Robert Schumann
Sínfónía nr. 3

Leo McFall hljómsveitarstjóri
Vera Panitch einleikari

MIÐ 06.03 Kl. 12:00
HLJÓMSVEITARSTJÓRA-AKADEMÍA
OPNIR HÁDEGISTÓNLEIKAR
Efnisskrá kynnir síðar

FIM 14.03 Kl. 19:30
KOZHUKHIN LEIKUR BRAHMS

Franz Schubert
Sínfónía nr. 3
Hafliði Hallgrímsson
Fjórir hljómsveitarmyndir
Johannes Brahms
Píanókonsert nr. 1

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Denis Kozhukhin einleikari

FIM 21.03 Kl. 19:30
MOZART OG BRUCKNER
PÁSKATÓNLEIKAR

Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert í d-moll K466
Anton Bruckner
Sínfónía nr. 9

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Javier Perianes einleikari

FÖS 05.04 Kl. 19:30
BARBARA HANNIGAN
OG MANNSRÖDDIN

Richard Strauss
Metamorphosen
Francis Poulenc
La voix humaine (Mannsröddin)

Barbara Hannigan hljómsveitarstjóri
og einsöngvari

FIM 11.04 – LAU 13.04
HARRY POTTER OG FANGINN
FRÁ AZKABAN™

Alfonso Cuarón leikstjóri
John Williams tónlist

Timothy Henty hljómsveitarstjóri
Söngsveitin Filharmónía

FIM 18.04 Kl. 19:30
EVA OG ARGUNNUR

Wolfgang Amadeus Mozart
Sínfónía nr. 41
Olivier Messiaen
Abîme des oiseaux
Claude Debussy
Première Rhapsodie
Richard Strauss
Tod und Verklärung
(Dauði og uppljómun)

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Arngunnur Árnadóttir einleikari

LAU 20.04 Kl. 11:30
BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

FÖS 26.04 Kl. 19:30
UNGIR EINLEIKARAR

Sigurvegarar úr einleikarakeppni
SÍ og LHI
Petri Sakari hljómsveitarstjóri

LAU 04.05 Kl. 14:00 og 16:00
ELDFUGLINN
LITLI TÓNSPROTINN

Ígor Stravinskij
Úr Eldfuglinum

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharósdóttir sögumaður

FÖS 10.05 Kl. 19:30
ARNHEIÐUR SYNGUR GRIEG

Edvard Grieg
Væren
Fra Monte Pincio úr 6 rómönsum
Jeg elsker dig úr Hjertets melodier
Bo Holten
Básúnukonsert
Jean Sibelius
Sínfónía nr. 6

Thomas Søndergård hljómsveitarstjóri
Arnheiður Eiríksdóttir einsöngvari
Jesper Sørensen einleikari

FÖS 24.05 Kl. 19:30
JOHAN DALENE LEIKUR KORNGOLD

Samuel Barber
School for Scandal, forleikur
Erich Wolfgang Korngold
Fiðlukonsert
Béla Bartók
Konsert fyrir hljómsveit

Roderick Cox hljómsveitarstjóri
Johan Dalene einleikari

LAU 01.06 Kl. 16:00
METAXIS

Á LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK
Anna Þorvaldsdóttir
METAXIS

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

FIM 06.06 Kl. 19:30
MAHLER NR. 3

Á LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK
Gustav Mahler
Sínfónía nr. 3

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Christina Bock einsöngvari
Vox feminae
Stúlknaður Reykjavíkur

Lára Sóley Jóhannsdóttir

Framkvæmdastjóri
Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Kæru tónleikagestir.

Sérhvert starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands er litríkur vefnaður þar sem óteljandi þræðir koma saman. Það er ótrúleg tilfinning þegar hver þráður ratar á réttan stað og til verður starfsár þar sem hljómsveitin fær að blómstra í samstarfi við framúrskarandi listafólk úr ýmsum áttum, áheyrendum til gleði og upplýtingar.

Komandi starfsár geymir fjölmarga spennandi tónleika sem spanna allt litrófið. Hljómsveitin flytur tónlist frá barokktímanum til okkar daga, víðsvegar að úr heiminum, jafnt sígræna klassík sem sjaldheyrðar perlur. Meðal gesta okkar á starfsárinu eru stjórnur úr hinu alþjóðlega tónlistarlífi, á borð við sópransöngkonuna og hljómsveitarstjórnann Barböru Hannigan, flautuleikarann Emmanuel Pahud, sellóleikarann Kian Soltani og píanóleikarann Benjamin Grosvenor auk staðarlistamanns vetrarins, fiðluleikarans Leilu Josefowicz. Hljómsveitin kannar nýjar og spennandi lendar í tónlistinni – frumflytur verk eftir nokkur af okkar helstu tónskáldum, sameinar krafta sína Gjörningaklúbbnum á Myrkum músíkdögum og lýkur starfsárinu með samstarfi við Listahátíð þar sem glænýtt verk Önnu Þorvaldsdóttur, sem samið er fyrir opna rýmið í Hörpu, verður frumflutt. Á hátíðinni flytur hljómsveitin einnig þriðju sífóníu Mahlers í allri sinni dýrð í Eldborg. Þá verða á dagskrá uppistandstónleikar og tónleikar þar sem nokkrir af dádustu popptónlistarmönnum þjóðarinnar vinna með hljómsveitinni – meðal annars í samstarfi við tónlistarhátíðina Iceland Airwaves.

Við höldum áfram að leggja okkur fram um að rækta hlutverk okkar sem þjóðarhljómsveit með reglulegum útsendingum í útvarpi og sjónvarpi og heimsóknum út á land. Hljómsveitin opnar dyrnar upp á gátt með tónleikum á Menningarnótt í Reykjavík og færir landsmönnum öllum Klassíkina okkar beint heim í stofu í upphafi starfsárs auk þess sem sjónvarpað verður frá völdum tónleikum sveitarinnar úr ýmsum tónleikaröðum yfir veturinn. Við teflum sem fyrr fram öflugum fræðslustarfi og bjóðum þúsundum barna og ungmenna á metnaðarfulla skólatónleika á starfsárinu auk þess að bjóða upp á vandaða fjölskyldutónleika og barnastundir. Við kappkostum að eiga í virkum tengslum við tónlistarfólk framtíðarinnar og höldum áfram að starfrækja Ungsveit og Hljómsveitarstjóraakademíu.

Í upphafi árs endurnýjuðum við samstarfssamning okkar við Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fram til ársins 2026. Á þessu starfsári stýrir Eva hljómsveitinni af krafti í nokkrum af helstu stórvirkjum tónbókmenntanna, auk þess sem hún heldur áfram að leggja rækt við nýjabrumið í íslenski tónsköpun. Glæsilegt tónlistarfólk úr röðum hljómsveitarinnar, svo sem Arngunnur Árnadóttir klarínettlemari og Vera Panitch fiðluleikari, leika einleik með hljómsveitinni og það gerir einnig ungt, íslenskt tónlistarfólk í fremstu röð, á borð við Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmonikkuleikara og Arnheiði Eiríksdóttur mezzósópran. Í haust

fögnum við svo saman frábæru samstarfi okkar við Önnu Þorvaldsdóttur tónskáld, sem lætur af starfi staðartónskálds um áramótin eftir sex gjöful ár, með hátíð sem felur í sér tónleika í Hörpu og Hallgrímskirkju. Meðal annarra tíðinda á komandi vetri eru breytingar á Grænu tónleikaröðinni en tónleikar hennar færast nú úr sjónvarpinu og aftur í fulla lengd í Eldborg þar sem skemmtileg og aðgengileg meistaraverk verða á efnisskránni, auk ómissandi aðventutónleika sönghópsins King's Singers og Vínartónleikanna sívinsælu.

Við hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands erum þakklát fyrir samfylgdina og tryggð ykkar við hljómsveitina. Við erum líka stolt af frábærum móttökum sem hljómsveitin hefur hlotið erlendis að undanförunu, bæði í tengslum við velheppnaða tónleikaferð til Bretlands í apríl og fyrir útgáfu hljómsveitarinnar á tónlist íslenskra tónskálda sem hlotið hefur verðskuldaða athygli.

Við erum þess fullviss að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi á þessu starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við hlökkum til samspilsins við ykkur, kæru tónleikagestir, og bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin á tónleika.





Rauða röðin

Fyrir alla þá sem vilja kraftmikla sinfóníska tónlist með íslenskum og erlendum einleikurum í fremstu röð.

7 tónleikar

FIM 07.09 Kl. 19:30

EVA STJÓRNAR ELDFUGLINUM

Daniel Bjarnason I Want To Be

Alive I: Echo / Narcissus

Anders Hillborg Sellókoncert

Sofia Gubaidulina Ævintýraljóð

Igor Stravinskij Eldfuglinn (svíta)

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

Amalie Stalheim einleikari

FIM 05.10 Kl. 19:30

ANNA OG ELGAR

Richard Wagner Parsifal, forleikur

Edward Elgar Sellókoncert

Anna Þorvaldsdóttir AÍÖN sinfónía

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

Kian Soltani einleikari

FIM 26.10 Kl. 19:30

**GERSTEIN LEIKUR
RAKHMANÍNOV**

Jennifer Higdon blue cathedral

Sergej Rakhmaninov

Píanókoncert nr. 3

Sergej Prokofiev

Rómeó og Júlía, svíta

Stéphane Denève

hljómsveitarstjóri

Kirill Gerstein einleikari

FIM 11.01 Kl. 19:30

ENIGMA TILBRIGÐIN

Samuel Coleridge-Taylor

Balláða í a-moll

Helen Grime Fiðlukonsert

Edward Elgar Enigma-tilbrigðin

Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz einleikari

FIM 22.02 Kl. 19:30

NIELSEN OG SCHUMANN

György Ligeti Concert Românesc

Carl Nielsen Fiðlukonsert

Robert Schumann Sinfónía nr. 3

Leo McFall hljómsveitarstjóri

Vera Panitch einleikari

FIM 21.03 Kl. 19:30

**MOZART OG BRUCKNER
PÁSKATÓNLEIKAR**

Wolfgang Amadeus Mozart

Píanókoncert í d-moll K466

Anton Bruckner Sinfónía nr. 9

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

Javier Perianes einleikari

FÖS. 24.05. Kl. 19:30

**JOHAN DALENE LEIKUR
KORNGOLD**

Samuel Barber School for Scandal,
forleikur

Erich Wolfgang Korngold

Fiðlukonsert

Béla Bartók Konsert fyrir hljómsveit

Roderick Cox hljómsveitarstjóri

Johan Dalene einleikari





Gula röðin

Fyrir þá sem vilja fjölbreytt og litrík meistaraverk úr ýms-um áttum með glæsilegum einleikurum og stjórnendum.

7 tónleikar

FIM 14.09 Kl. 19:30
KONSERTPRENNA MEÐ
EMMANUEL PAHUD

Claude Debussy Forleikur að síðdegi skógarpúkans
Camille Saint-Saëns Odelette
Toru Takemitsu I Hear the Water Dreaming
Cecile Chaminade Concertino
Johannes Brahms Sinfónía nr. 1

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Emmanuel Pahud einleikari

FIM 12.10 Kl. 19:30
ELDBJÖRG OG TORTELIER

Gabriel Fauré Forleikur að Pénélope
Jean Sibelius Fiðlukonsert
Ernest Chausson Sinfónía í B-dúr

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Eldbjörg Hemsing einleikari

FIM 09.11 Kl. 19:30
BARTÓK OG BEETHOVEN

Veronique Vaka Inmost
Béla Bartók Fiðlukonsert nr. 2
Ludwig van Beethoven Sinfónía nr. 3

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Leila Josefowicz einleikari

FIM 18.01 Kl. 19:30
MYNDIR Á SÝNINGU

Alberto Ginastera Fjórir dansar úr Estancia
Anna Clyne Dance, sellókonsert
Modest Mússorgskij Myndir á sýningu (úts. Maurice Ravel)

Emilia Hoving hljómsveitarstjóri
Senja Rummukainen einleikari

FIM 01.02 Kl. 19:30
GROSVENOR LEIKUR BUSONI

Sergej Prokofjev Klassíska sinfónían
Ferruccio Busoni Píanókonsert

Kornilios Michailidis hljómsveitarstjóri
Benjamin Grosvenor einleikari
Karlakórinn Fóstbræður

FIM 14.03 Kl. 19:30
KOZHUKHIN LEIKUR BRAHMS

Franz Schubert Sinfónía nr. 3
Hafliði Hallgrímsson Fjórir hljómsveitarmyndir
Johannes Brahms Píanókonsert nr. 1

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Denis Kozhukhin einleikari

FÖS. 10.05. Kl. 19:30
ARNHEIÐUR SYNGUR GRIEG

Edvard Grieg Váren
Fra Monte Pincio úr 6 rómönsum
Jeg elsker dig úr Hjertets melodier
Bo Holten Básúnukonsert
Jean Sibelius Sinfónía nr. 6

Thomas Søndergård hljómsveitarstjóri
Arnheiður Eiríksdóttir einsöngvari
Jesper Sørensen einleikari





Græna röðin

Fyrir þá sem vilja þekkta og aðgengilega klassík með fyrsta flokks einleikum og söngvurum.

5 tónleikar

FIM 19.10 kl. 19:30

ERIC LU LEIKUR MOZART

Bohuslav Martinů Tvíkonsert fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur
Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert nr. 27
Antonín Dvořák Sinfónía nr. 8

Dinis Sousa hjómsveitarstjóri
Eric Lu einleikari

FIM 30.11 Kl. 19:30

THE KING'S SINGERS
ADVENTUTÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

Adam Hickox hjómsveitarstjóri
The King's Singers sönghópur

FIM 04.01 Kl. 19:30

VÍNARTÓNLEIKAR
SINFÓNÍUNNAR

Óperettutónlist, valsar og polkar.

Mirian Khukhunaishvili
hjómsveitarstjóri
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir
Oddur Arnþór Jónsson
einsöngvarar

FIM 08.02 Kl. 19:30

MEDELSSOHN OG BEETHOVEN

Charles Ives Sinfónía nr. 3
Felix Mendelssohn Fiðlukonsert í e-moll
Caroline Shaw Entr'acte
Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 8

Ludovic Morlot hjómsveitarstjóri
Vadim Gluzman einleikari

FIM 18.04 Kl. 19:30

EVA OG ARGUNNUR

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 41

Olivier Messiaen Abîme des oiseaux

Claude Debussy Première Rhapsodie
Richard Strauss Tod und Verklärung (Dauði og uppljómun)

Eva Ollikainen hjómsveitarstjóri
Argunnur Árnadóttir einleikari



Litli tónsprotinn

Fjölskyldutónleikar þar sem yngstu gestirnir kynna tófrum tónlistarinnar. Hrífandi ævintýri sem heilla börn á öllum aldri.

4 tónleikar

LAU 23.09 KL. 14:00

ÁSTARSAGA ÚR FJÖLLUNUM

Edvard Grieg Prelúdía úr Holberg-svítunni
Edvard Grieg Tröllamars
Guðni Franzson Ástarsaga úr fjöllumum

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Jóhann Sigurðarson söngvari og sögumaður

LAU 16.12 KL. 14:00

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Páll Óskar Hjálmtýsson
Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar
Stúlknakór Reykjavíkur
Kammerkórinn Aurora
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Ungir tónlistarnemendur

LAU 17.02 KL. 14:00

DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

Atli Heimir Sveinsson Dimmalimm
Pjotr Tsjaikovskíj Úr Svanavatninu
Atli Heimir Sveinsson Kvæðið um fuglana

Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir og sögumaður
Gradualekór Langholtskirkju
Listdansskóli Íslands

LAU 04.05 KL. 14:00

ELDFUGLINN

Ígor Stravinskíj Úr Eldfuglinum
Ross Jamie Collins hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir sögumaður





Föstudags- röðin

Óvenjulegir og áhuga-
verðir tónleikar á föstu-
degi – láttu koma þér
skemmtilega á óvart!

3 tónleikar

FÖS 06.10 Kl. 18:00
ARCHORA

Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS
Heyr þú oss himnum á
Ad Genua
ARCHORA

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Bryndís Guðjónsdóttir einsöngvari
Kór Hallgrímskirkju
Steinar Logi Helgason kórstjóri

FÖS 17.11 Kl. 18:00
PHILIP GLASS

Philip Glass Sinfónía nr. 8

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

FÖS 12.01 Kl. 18:00
PORTRETT AF LEILU
JOSEFOWICZ

Matthias Pintscher La línea
evocativa: Teikning fyrir einleiksfíflu
Johann Sebastian Bach Partíta
fyrir einleiksfíflu nr. 2

Leila Josefowicz einleikari





Svarta röðin

Sérstök tónleikaröð með þrennum tónleikum þar sem Leila Josefowicz, staðarlistamaður starfsársins, er í einleikshlutverki.

3 tónleikar

FIM 09.11 Kl. 19:30
BARTÓK OG BEETHOVEN

Veronique Vaka

Inmost

Béla Bartók

Fiðlukonsert nr. 2

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 3

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz einleikari

FIM 11.01 Kl. 19:30

ENIGMA TILBRIGÐIN

Samuel Coleridge-Taylor

Ballaða í a-moll

Helen Grime

Fiðlukonsert

Edward Elgar

Enigma-tilbrigðin

Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz einleikari

FÖS 12.01 Kl. 18:00

PORTRETT AF LEILU

JOSEFOWICZ

Matthias Pintscher

La linea evocativa:

Teikning fyrir einleiksfiðlu

Johann Sebastian Bach

Partíta fyrir einleiksfiðlu nr. 2

Leila Josefowicz einleikari



Ýmsir tónleikar

Boðið er upp á marga fjölbreytta tónleika á starfsárinu sem eru utan tónleikaraða og tilvaldir á **Regnbogakort**.

LAU 19.08 KL. 15 og 17
OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT

Vinsæl verk eftir tónskáld á borð við **Bach, Mozart, Brahms** og **Gade**

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Vigdís Hafliðadóttir kynnir og söngkona

FIM 24.08 KL. 20:00
SIGGI OG SIGGA MEÐ SINFÓ
EINU SINNI Á ÁGÚSTKVÖLDI

Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri
Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson
einsöngvarar

FÖS 01.09 KL. 20:00
KLASSÍKIN OKKAR
KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Guðni Tómasson
Halla Oddný Magnúsdóttir kynnir

LAU 09.09 KL. 11:30
BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR
Ragnheiður Ingunn
Jóhannsdóttir hljómsveitarstjóri

SUN 24.09 KL. 17:00
UNGSVEITIN LEIKUR BERLIOZ

Hector Berlioz Symphonie fantastique (Draumórasinfónían)

Ungsveit Sí
Nathanaël Iselin hljómsveitarstjóri

FIM 28.09 KL. 19:30
JÓHANN JÓHANSSON
OG PHILIP GLASS

Jóhann Jóhannsson
Virðulegu forsetar (Part 1.0)
Philip Glass Sinfónía nr. 1
Jóhann Jóhannsson Odi et Amo
Jóhann Jóhannsson A Prayer to the Dynamo

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Jóna G. Kolbrúnardóttir sópran

FIM 02.11. KL. 19:00
ÁSGEIR TRAUSTI OG SINFÓ
Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND AIRWAVES

Tónlist Ásgeirs Trausta í nýjum hljómsveitarútsetningum

Anthony Weeden hljómsveitarstjóri
Ásgeir Trausti einsöngvari

FIM 16.11 KL. 20:00
FÍLALAG OG SINFÓ

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Bergur Ebbi
Snorri Helgason
Fílalag

FIM 25.01 KL. 19:30
JÓNAS ÁSGEIR OG
GJÖRNINGAKLÚBBURINN
MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Bergún Snæbjörnsdóttir Striations
Puriður Jónsdóttir Installation around a Heart
Finnur Karlsson
Harmonikkukonsert
Gjörningaklúbburinn:
Una Sveinbjarnardóttir
og Ólafur Björn Ólafsson
Flökkusinfónían

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri
Jónas Ásgeir Ásgeirsson
einleikari
Gjörningaklúbburinn

MÍÐ 06.03 KL. 12:00
HLJÓMSVEITARSTJÓRA-
AKADEMÍA
OPNIR HÁDEGISTÓNLEIKAR
Efnisskrá kynnir síðar

FÖS 05.04 KL. 19:30
BARBARA HANNIGAN
OG MANNSRÖDDIN

Richard Strauss Metamorphosen
Francis Poulenc La voix humaine
(Mannsröddin)

Barbara Hannigan
hljómsveitarstjóri og einsöngvari

FIM 11.04 – LAU 13.04
HARRY POTTER OG FANGINN
FRÁ AZKABAN™

Alfonso Cuarón leikstjóri
John Williams tónlist
Timothy Henty hljómsveitarstjóri
Söngsveitin Fílharmónía

SUN 20.04 KL. 11:30
BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

FÖS 26.04 KL. 19:30
UNGIR EINLEIKARAR

Sigurveggar úr einleikarakeppni **SÍ og LHÍ**
Petri Sakari hljómsveitarstjóri


LAU 01.06 KL. 16:00
METAXIS

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
Anna Þorvaldsdóttir METAXIS
Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri

FIM. 06.06 KL. 19:30
MAHLER NR. 3

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
Gustav Mahler Sinfónía nr. 3

Eva Ollikainen hljómsveitarstjóri
Christina Bock einsöngvari
Vox feminae
Stúlknakór Reykjavíkur





ÁSKRIFTARKORT

Áskrift veitir **20% afslátt** af almennu miðaverði.

Áskrifendur fá **10% afslátt** af viðbótarmiðum á alla tónleika og af gjafakortum hljómsveitarinnar.

Tvær áskriftaraðir veita **25% afslátt** af miðaverði og þrjár áskriftaraðir veita **30% afslátt** af miðaverði.

Áskrifendur ganga alltaf að sætum sínum vísum og eiga forkaupsrétt á þeim þegar áskrift er endurnýjuð.

Nánari upplýsingar er að finna á **sinfonia.is**.

MIÐASALA

Sala og endurnýjun áskrifta fer fram í miðasölu Hörpu og á **sinfonia.is**. Upplýsingar um sätaskipan í Eldborg er að finna á **blaðsíðu 77**.

Sími 528 5050.

SKÓLAKORT

**Fyrir tónlistarnema og ungt fólk,
25 ára og yngra**

Miði á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á **2.300 kr.** með Skólakorti.

Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Skráðu þig fyrir Skólakorti í miðasölu eða á **sinfonia.is/skolakort**

REGNBOGAKORT

**Fyrir þau sem vilja setja saman
sína eigin tónleikaröð.**

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða mest til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með **20% afslætti**. Hægt er að kaupa Regnbogakort með minnst fernum tónleikum.

Námsmenn, 25 ára og yngri, fá **50% afslátt** af miðaverði á sitt Regnbogakort á verðsvæðum 2 og 3 í miðasölu Hörpu.

Hægt er að skoða nokkrar góðar hugmyndir að Regnbogakortum á **sinfonia.is/regnbogakort**.



**SKANNAÐU
OG HLUSTAÐU**

Við áskriftaraðir í bæklingnum er að finna **Spotify-kóða**. Þú finnur lagalistann með því að smella á myndavélartáknið í Spotify-appinu í símanum og tekur mynd af kóðanum. Þannig getur þú hlustað á verkin og kynnt þér dagskrána betur.

Með endurnýjaðri ástríðu

**EVA OLLIKAINEN, AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS, SEGIR FRÁ
STARFSÁRINU FRAMUNDAN**

Í febrúar 2023 endurnýjuðu Sinfóníuhljómsveit Íslands og Eva Ollikainen samning hennar sem aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda til ársins 2026. „Ég hlakka gríðarlega mikið til áframhaldandi samstarfs,“ segir Eva Ollikainen, en hún tók við stöðu aðalhljómsveitarstjóra í ársbyrjun 2020. Á komandi starfsári stýrir hún ýmsum hornsteinum sífónískrar tónlistar með hljómsveitinni – svo sem fyrstu sífóníu Brahms, Hetjuhljómkviðu Beethovens, níundu sífóníu Bruckners og þriðju sífóníu Mahlers.





„Lifandi tónskáld
færa okkur andblæ
sam tímans“

„Ég er bæði glöð og þakklát fyrir að fá tækifæri til þess að vinna með hljómsveitinni að stórkostlegri tónlist í tvö starfsár í viðbót,“ segir Eva Ollikainen. Aðspurð um hvaða tónleikar standi upp úr svarar hún því hlæjandi að ómögulegt sé að gera upp á milli. „En við byrjum strax á upphafstónleikunum með efnisskrá að mínu skapi. Þar hljómar eitt fallegasta samtímaverk sem ég hef nokkru sinni heyrt, sellókonzert sænska tónskáldsins Anders Hillborg með Amalie Stalheim í einleikshlutverki, ásamt verkum Daníels Bjarnasonar, Sofíu Gubaidulinu og svítu Stravinskíjs úr ballettinum Eldfuglinum. Annars bíða mín margir og afar fjölbreyttir tónleikar með hljómsveitinni, svo ég hlakka til þeirra allra,“ segir Eva.

TÓNLIST SEM STENDUR HJARTANU NÆRRI

„Mörg verkanna sem ég stjórna á komandi starfsári standa hjarta mínu afar nærri,“ bætir hún við. Þetta er tónlist af þýska málsvæðinu: Beethoven, Brahms, Schubert, Mahler, Bruckner – þarna slær hjarta mitt í tónlistinni og þarna finnst mér styrkleikar mínir nýtast til fullnustu. Fyrir utan að vera algjörlega frábær tónlist fyrir áheyrendur er þetta tónlist sem gagnast sífóníuhljómsveitum mjög vel við að byggja upp styrkleika hvernar deildar og efla hljóm sífóníuhljómsveitarinnar sem heildar,“ segir Eva og nefnir að verkefnaval aðalhljómsveitarstjóra snúist ekki bara um að hrífa áheyrendur í hvert skipti, heldur finna leiðir til þess að þroska hljómsveitina og gefa henni tækifæri til að blómstra. „Ekki síst þegar kemur að því að þróa hljómblæ hennar í verkum ólíkra tónskálda frá mismunandi tímum – að leyfa ólíkum andblæ verkanna að endurspeglast í hljómi sveitarinnar frá fyrsta tóni. Fyrstu sífóníur Beethovens eiga ekki að hljóma eins og þær síðari, til dæmis, og sama má segja um sífóníur Mahlers. Allt þetta þarf hljómsveitin tækifæri til að finna og fága.“

AÐ LEGGJA RÆKT VIÐ LIFANDI TÓNSKÁLD

Þótt tónlist gömlu meistaranna sé órjúfanlegur hluti af starfi sífóníuhljómsveitar er Eva Ollikainen ekki síður ástríðufull þegar kemur að nýrri tónlist og tónlist þeirra sem hingað til hafa átt undir högg að sækja í tónlistarheiminum. „Allar

hljómsveitir í heiminum eru nú farnar að breiða út faðminn og kanna nýjar leiðir til þess að gera starfsemi sína opnari og fjölbreyttari,“ segir Eva Ollikainen. „Mér finnst þetta skipta sérstaklega miklu máli fyrir þjóðarhljómsveit í landi sem hefur verið í fararbroddi hvað varðar jafnrétti. Vissulega skiptir máli að endurskoða söguna og á undanförunum árum hafa verk margra kvenna fortíðarinnar verið dregin upp úr glatkistunni. En mér finnst sérstaklega mikilvægt að leggja rækt við þau tónskáld sem eru lifandi núna. Þar getum við raunverulega skipt máli. Ég er til að mynda óskaplega spennu fyrir að Sífóníuhljómsveit Íslands frumflytji hér á landi verk eftir tónskáld á borð við Helen Grime og Önnu Clyne og heimsfrumflytji verk eftir Veronique Vöku,“ segir Eva. „Ég hlakka auðvitað ekki síður til að frumflytja verk Daníels Bjarnasonar og Hafliða Hallgrímssonar. Lifandi tónskáld færa okkur andblæ samtímans og tala til okkar á alveg sérstakan hátt.“

ENGINN SPILAR ÖNNU EINS OG SINFÓ

„Svo hlakka ég alveg óskaplega til að fagna samstarfi okkar við Önnu Þorvaldsdóttur, sem brátt lætur af störfum sem staðartónskáld hljómsveitarinnar, með Önnu-hátíð í október, þar sem verk hennar hljóma bæði á hefðbundnum fimmtudagstónleikum í Eldborg og á föstudagstónleikum í Hallgrímskirkju,“ segir Eva. Hún bætir við að nýtt verk eftir Önnu, METAXIS, þar sem litlir hópar úr hljómsveitinni dreifast um allt almenningsrými Hörpu og leika á hljómburð Hörpu sjálfrar, verði frumflutt í júní sem hluti af setningarhátíð Listahátíðar í Reykjavík. „Við erum ótrúlega lánsöm að hafa fengið að njóta krafta Önnu og hæfileika sem staðartónskálds í sex ár. Á meðan hefur ferill hennar verið einstakur, enda er hún í fremstu röð á heimsvísu. Þetta er dýrmætt samband og sérstakt, og það er til að mynda einstakt hvernig Sífóníuhljómsveit Íslands þekkir tónsmíðar Önnu út og inn. Tónmál hennar er eins konar móðurmál fyrir hljómsveitinni, sem skilur það um leið. Ég hef stjórnað verkum Önnu með hljómsveitum víða um heim, en enginn spilar verk hennar eins og Sífóníuhljómsveit Íslands. Það er svolítið eins og að stjórna sífóníum Sibelíusar í Helsinki – eins og að koma heim.“

19.08

LAUGARDAGUR
Kl. 15:00 og 17:00

ELDBORG

Opið hús á Menningarnótt

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands gestum og gangandi að vanda á lítrika og skemmtilega tónleika fyrir alla fjölskylduna. Að þessu sinni leiðir Vigdís Hafliðadóttir, tónlistarkona og uppistandari, áheyrendur í óvissuferð um lendar klassískrar tónlistar og segir frá sínum uppáhaldstónskáldum og verkum. Meðal verka á efnis-skránni eru vinsæl og skemmtileg verk sem hrífa jafnt unga sem aldna, svo sem forleikurinn að Töfraflautu Mozarts, Ungverskir dansar Johannesar Brahms, æskumyndir Schumanns og eldheitur tangó eftir Jacob Gade. Þá tekur Vigdís sjálf lagið á tónleikunum, en hún hefur vakið athygli fyrir frábæra söngródd og hrífandi sviðsframkomu, jafnt ein og sér og með hljómsveitinni Flott.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis, hægt er að sækja miða á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu á tónleikadegi frá kl. 11:00. Öll velcomin meðan húsrúm leyfir.

Vinsæl verk eftir tónskáld á borð við Bach, Mozart, Brahms og Gade

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Vigdís Hafliðadóttir
kynnir og söngkona



24.08

FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00

ELDBORG

Siggi og Sigga með Sinfó

EINU SINNI Á ÁGÚSTKVÖLDI

Á þessum sumartónleikum á ágústkvöldi syngja Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson margar af okkar eftirlætis dægurlagaperlum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Efnisskráin er bæði hugljúf og skemmtileg en hún geymir innlend og erlend lög eftir tónskáld á borð við Jón Múla Árnason, Oddgeir Kristjánsson, Ingibjörgu Þorbergs, Burt Bacharach og Antonio Carlos Jobim. Hér hljóma þessar perlor í glæsilegum útsetningum fyrir fullskipaða sinfóníuhljómsveit. Á meðal nýrra útsetninga sem gerðar voru fyrir þessa tónleika má nefna titillagið Einu sinni á ágústkvöldi eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni og Líttu sérhvert sólarlag eftir Braga Valdimar Skúlason.

Sigríður og Sigurður hafa verið á meðal ástsælustu söngvara landsins um árabil. Þau gerðu garðinn frægan með hljómsveitum sínum, Sigríður með Hjaltalín og Sigurður með Hjálmu, en hafa síðan sungið með mörgum af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar, bæði hvort í sínu lagi og saman. Þau hafa einu sinni áður komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum sem voru hluti af opnunardagskrá hljómsveitarinnar í Hörpu vorið 2011. Ekki missa af þessum frábæru söngvurum syngja upphaldslögin sín með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg.

Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri

Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson
einsöngvarar

Hrafnkell Orri Egilsson
Útsetningar fyrir
hljómsveit



Klassíkin okkar

KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

Viðburðurinn Klassíkin okkar er löngu orðin að föstum punkti í tónlistarlífi landsmanna en þá sýnir Sjónvarpið beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem þjóðin fær að hlutast til um efnisskrána og öllu er tjaldað til. Að þessu sinni verður vinsæl tónlist úr kvikmyndum í aðalhlutverki – allt frá Wolfgang Amadeusi Mozart og Ludwig van Beethoven til John Williams og Nino Rota, Jóhanns Jóhannssonar og Hildar Guðnadóttur, auk ógleymanlegra laga úr íslenskum kvikmyndum. Það er því næsta víst að allir finna eitthvað við sitt hæfi – spennu, drama, hómor og djúpar tilfinningar í ómótstæðilegum laglínunum sem lifnað hafa á hvíta tjaldinu. Þetta er í áttunda skipti sem Sinfóníuhljómsveit Íslands og RÚV efna til þessa sívinsæla samstarfsverkefnis og verður fjölbreytnin í fyrirrúmi sem endranær en Daníel Bjarnason heldur um tónsprotann líkt og undanfarin ár.

Efnisskrá og einleikarar
verða kynnt síðar.

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Guðni Tómasson
Halla Oddný Magnúsdóttir
kynnar



ELDBORG

Eva stjórnar Eldfuglinum

Á upphafstónleikum starfsársins stjórnar Eva Ollikainen kraftmikilli ballettónlist Igors Stravinskíj við ævintýrið um Eldfuglinn, grípandi meistaraverki sem gerði hinn 27 ára gamla Stravinskíj heimsfrægan á einni nóttu þegar það var frumflutt í París árið 1910. Verkið byggir á rússneskri þjóðsögu um prins sem frelsar prinsessu úr klóm skelfilegs skrímslis með aðstoð þokkafullrar kynjaveru, eldfuglsins, sem verkið dregur nafn sitt af. Á undan ævintýri Stravinskíj hljómar annað lítið ævintýri, *Märchenpoem* eða *Ævintýraljóð* eftir Sofíu Gubaidulinu, töfrandi lítil tónhugleiðing um listina og fegurðarþrána.

Einleikari tónleikanna er hin unga, norska sellóstjarna Amalie Stalheim sem hlotið hefur fjölda verðlauna fyrir leik sinn og er óðum að leggja tónlistarheiminn að fótum sér. Hún stígur á svið með kynngimagnað samtímaverk í farteskinu, selló-konsert sænska tónskáldsins Anders Hillborg sem sameinar fingerða ljóðrænu og djúpa, syngjandi ástríðu.

Tónleikarnir hefjast á Íslandsfrumflutningi á glænýju verki eftir Daniel Bjarnason, fyrsta verkinu í hljómsveitarþrileik Daníels sem pantaður var af Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto. Þrileikurinn er innblásinn af gervigreind og hverfist um spurningar um eðli meðvitundarinnar og lífsins. Hann ber titilinn *I Want To Be Alive*. Fyrsta verkið í þrileiknum ber titil sem vísar í gríska goðafræði, *Echo / Narcissus*.

Daníel Bjarnason
I Want To Be Alive I:
Echo / Narcissus

Anders Hillborg
Sellókonsert

Sofía Gubaidulina
Ævintýraljóð

Igor Stravinskíj
Eldfuglinn (svíta)

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Amalie Stalheim
einleikari



Barnastund Sinfóníunnar

Á Barnastundum Sinfóníuhljómssveitarinnar er áhersla lögð á notalegheit og nánd við hljómssveitina þar sem létt og leikandi tónlist er flutt fyrir allra yngstu hlustendurna og fjölskyldur þeirra. Barnastundirnar hafa notið mikilla vinsælda hjá ungum sem öldnum enda eru þær sannkallaðar gæðastundir og góður upptaktur að ljúfum degi.

Dagskráin er um það bil hálf tímalöng og um tónsprotann heldur Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir. Skemmtilegar kynningar milli verka opna heim tónlistarinnar enn frekar fyrir börnum og fullorðnum. Leikin verða kunnugleg lög og klassískir gimsteinar í sinfónískum búningi svo úr verður ánægjuleg samverustund sem allir geta notið. Tónlistarmúsinn Maxímús Músíkús er fastur gestur á öllum Barnastundum Sinfóníunnar. Aðgangur er ókeypis og gott er að koma með púða til að sitja á.

Barnastund að vori verður haldin í Flóa laugardaginn 20. apríl kl. 11:30.



14.09

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Konsertþrenna með Emmanuel Pahud

Emmanuel Pahud er einn fremsti flautuleikari samtímans, heimsþekktur fyrir sinn „gullna og flæðandi tón“ (Guardian). Hann er afar eftirsóttur sem einleikari og hefur hljóðritað og gefið út yfir 40 hljómplötur undir merkjum Warner-útgáfurisans. Þá hefur Pahud gegnt stöðu leiðandi flautuleikara hinnar virtu Fílharmóníusveitar Berlínar frá árinu 1993, þegar hann var aðeins 22 ára. Það er því sérstakt fagnaðarefni að fá að hlýða á Pahud leika þrjá ólíka flautukonserta á sömu tónleikum, en verkin eru stutt og grípandi hvert á sinn hátt: *Odelette* eftir franska tónskáldið Camille Saint-Saëns byggir á töfrandi tyrkneskum áhrifum, *I hear the water dreaming* eftir japanska meistaran Toru Takemitsu er draumkennt og heimsþekilegt í senn og *Concertino* eftir hina frönsku Cecile Chaminade er rómantískt glæsiverk af bestu gerð. Tónleikarnir hefjast á *Forleik að síðdegi skógarpúkans* eftir Claude Debussy. Þar er þverflautan ekki síður í forgrunni enda er hún samkvæmt goðsögninni hljóðfæri hins dulúðuga skógarpúka. Seinni hluti tónleikanna er helgaður fyrstu símfóníu Brahms, umfaðmandi stórvirki sem tók tónskáldið rúm 20 ár að fullklára.

Claude DebussyForleikur að síðdegi
skógarpúkans**Camille Saint-Saëns**

Odelette

Toru TakemitsuI Hear the Water
Dreaming**Cecile Chaminade**

Concertino

Johannes Brahms

Símfónía nr. 1

Eva Ollikainen

Hljómsveitarstjóri

Emmanuel Pahud

einleikari



Þakkar fyrir hverja nótu

SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR KONSERTMEISTARI SEGIR FRÁ ÆVINTÝRALEGRI ENDURKOMU Í STARFI EFTIR AÐ HAFA LENT Í MARTRÖÐ HVERS FIÐLULEIKARA.

Sigrún Eðvaldsdóttir hefur verið fyrsti konsertmeistari Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands síðan 1998 og fagnar því 25 ára starfsafmæli
í ár. Aðdragandi þeirra tímamóta hefur þó ekki verið tíðindalaus
og má raunar segja að Sigrún fagni um leið ákveðinni endurfæð-
ingu í starfi sínu: Að hafa komist aftur til fullrar heilsu eftir að hafa
lent í slysi sem hefði getað bundið enda á ferilinn.



„Ég var stödd í Malmö í maí 2022 til að spila í hrikalega skemmtilegri óperuuppfærslu,“ segir Sigrún þegar hún er tekin tali milli æfinga í Hörpu. „Þetta var um miðjan dag, það var sól og blíða og ég var á gangi á striga-skóm með báðar hendur fullar og fiðluna á bakinu. Það var vinnusæði við gangstéttina og ég rak fótinn í eitthvað, missti jafnvægið og steypist fram fyrir mig án þess að geta stöðvað fallið. Ég man eftir að hafa hugsað: „Ég trúði ekki að þetta sé að gerast,“ en það gerðist nú samt. Ég held ég hafi rekið höfuðið í járnhlíð því ég datt út í nokkrar sekúndur. Ég heyrði dynkinn – en þegar ég opnaði augun lá ég á gangstéttinni. Þetta var hræðilegt.“

FIÐLAN FÓR EKKI ÚR STILLINGU

Sigrún segir að hún hafi tekið fallið af hljóðfærinu af hreinni eðlisávisun. „Ég tók bara fallið á mig – fiðlan fór ekki einu sinni úr stillingu! En svo þegar ég ætlaði að athuga með vinstri handlegginn á mér tók ég eftir að hann vísaði í allt aðra átt en hann átti að gera og var algerlega sambandslaus við mig.“ Sigrún reyndist vera með alvarlegt brot í upphandlegg og hlaut umönnun á spítalanum í Malmö. „Ég skildi fiðluna auðvitað ekki við mig á spítalanum, en hjúkrunarkonurnar voru svo dásamlega góðar við mig og sýndu þessu mikinn skilning: „Svona er þetta bara, þetta er barnið þitt!“ sögðu þær og hlógu,“ segir Sigrún. Hún dvaldi í þrjár vikur í Malmö og sneri svo heim til þess að láta beinin gróa um sumarið. En beinin greru ekki og brotið var laust fram á haust, svo öll endurhæfing var bæði sár og árangurslaus. Þegar sumarið var liðið og batinn þokaðist ekkert áfram var ekki laust við að Sigrún yrði uggandi um framhaldið. „En ég var í fullu starfi við að vera jákvæð. Ég ákvað bara að ég myndi taka því versta ef til þess kæmi. Ég vissi að puttarnir og taugarnar voru heilar og beinbrot grær á endanum.“

ÆFÐI SIG EINA MÍNÚTU Á DAG

Meðan Sigrún var ekki enn farin að geta spilað aftur mætti hún á alla tónleika Sinfóníunnar og hlustaði í áheyrenda-salnum. „Þetta var æðislegt. Ég naut þess svo að hlusta og spila með í huganum, það var svo gott fyrir mitt innra tónlistarlíf.“ Það var svo loksins í október að Sigrún komst í aðgerð á Landspítala og 15 nögglum var komið fyrir í upphandleggnum. „Þá fóru hlutirnir loksins á flug. Í janúar ákvað ég að byrja á bara einni mínútu á dag. Ég ætlaði að gera eins og fótboltamennirnir – taka fimm mínútur inni á vellinum í einu eftir meiðsli, og samdi við samstarfsfólk mitt hjá Sinfóníunni um að byrja að spila með hljómsveitinni örfáar mínútur í senn á aftasta púlti.“ Sigrúnu fannst ekki siður lærdómsríkt að færa sig úr konsertmeistararættinu og sitja aftast á sviðinu. „Ég held að konsertmeistarar ættu almennt að prófa þetta – að færa sig til og finna hvaða áskoranir fylgja því að sitja aftar á sviðinu.“

BÆNAHRINGIR OG UNDRAYERÐUR BATI

Smám saman fjölgaði mínútunum sem Sigrún treysti sér til að spila. „Þegar Anne-Sophie Mutter var hér að spila í lok janúar var ég komin upp í 20 mínútur á dag – og hún var alveg frábærlega skemmtileg og hvetjandi við mig.“ Sigrún segir einmitt að hvatning, fallegar hugsanir og jafnvel bænir fólks, jafnt vina hennar sem ókunnugra, hafi hjálpað sér mikið. „Ég fann fyrir svo ótrúlegum meðbyr og stuðningi úr ýmsum áttum,“ segir Sigrún og brosir. „Það var fólk sem bað fyrir handleggnum á mér, heill bænahringur. Svona finnst mér algerlega ómetanlegt. Ég trúði svo á þetta og ég fann hvað þetta hjálpaði mér. Enda var það sem gerðist svo hálfgerð kraftaverk.“

„Ég finn að ég mun aldrei taka neinu sem sjálfsögðum hlut í lífinu“

TEKUR ENGU SEM SJÁLFSÖGÐUM HLUT

„Ég byrjaði að spila með hljómsveitinni í Hljómsveitarstjóraakademíunni í febrúar og ætlaði bara að spila með í einu verki, Adagio eftir Barber,“ segir Sigrún. „Svo er ég sest við upphaf æfingar og er ein á aftasta púlti. Þá segir okkar frábæra sviðskona, hún Björk: „Sigrún, viltu samt ekki hafa nóturnar að hinum verkunum hjá þér líka?“ Hún kom með þær allar og þegar Barber var búinn og komið að næsta verki, Forleiknum að Don Giovanni eftir Mozart, hugsaði ég bara: Ég geri þetta bara. Ég hrökk í girinn og gamla Sigrún var allt í einu mætt. Þetta kom mér gersamlega á óvart. Ég bara gat þetta. Frá þeirri stundu hefur þetta bara verið beint strik upp á við. Þetta kemur sjálfri mér mjög á óvart – og mér finnst eins og ég sé ekki við stjórnvölinn.“

En hvernig horfir nýtt starfsár við Sigrúnu? „Það er svo margt sem ég hlakka til að spila og hlusta á. Ég hlakka mikið til að heyra Leilu Josefowicz spila Bartók og sömu-leiðis að fá hingað flautuleikarann Emmanuel Pahud, en ég spilaði með honum á kammermúsíkhátíð í Frakklandi fyrir 30 árum. Svo hlakka ég mjög mikið til þess að heyra í Vadim Gluzman, sem er frábær fiðluleikari. Ég hlakka til að spila Glass sínfóníurnar – en ég held að allra mest hlakki ég til að spila aftur með Barböru Hannigan.“ Það er auðheyrð að Sigrún er bjartsýn með framhaldið. „Þetta er svo góð tilfinning. Mér líður eins og ég hafi fengið annað tækifæri í lífinu,“ segir hún. „Nú kemur lokakafinn minn, sem verður einhver ár – og ég ætla að ljúka honum með stæl. Ég finn að ég mun aldrei taka neinu sem sjálfsögðum hlut í lífinu og ég er svo þakklát fyrir hverja einustu nótu sem ég fæ að spila.“

Ástarsaga úr fjöllum

LITLI TÓNSPROTINN

Í *Ástarsögu úr fjöllum* er skyggnst inn í heim íslenskra trölla á hugljúfan og hnyttinn hátt. Þessi ástsæla saga Guðrúnar Helgadóttur er fyrir löngu orðin þjóðargæsemi og er flutt í fallegum hljómsveitarbúningi þar sem dregnar eru upp lífflegar hljóðmyndir af dulúðugum, spennandi heimi tröllanna. Við sögusteininn situr Jóhann Sigurðarson leikari sem flytur söguna á sinn óviðjafnanlega hátt. Til að skapa tröllunum rétta umgjörð í Eldborg í Hörpu verður kraftmiklum tröllamyndum Brians Pilkington varpað upp meðan á flutningi stendur. Dagskrána ramma svo inn tvö af myndrænni verkum Edvards Grieg, forleikurinn að *Holbergsvítunni* sem er í gömlum stíl og hentar því tröllum sérlega vel og svo sjálfur *Tröllamarsinn*.

Edvard Grieg
Prelúdía úr Holberg-svítunni

Edvard Grieg
Tröllamars (Trolltog)

Ástarsaga úr fjöllum

Guðni Franzson tónlist

Guðrún Helgadóttir saga

Pétur Eggertz söngtextar

Brian Pilkington myndir

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Jóhann Sigurðarson
söngvari og sögumaður



24.09

SUNNUDAGUR
Kl. 17:00

ELDBORG

Ungsveitin leikur Berlioz

Draumórasinfónía Hectors Berlioz er eitt af lykilverkunum í tónlist rómantíska tímans; ævintýrleg frásögn í tónum af ástarraunum ungs skálds sem hverfur inn í veröld trylltra draumóra með geigvænlegum afleiðingum. Verkið byggir á reynslu tónskáldsins sjálfs af ást og hugarvíli, en hann var 23 ára þegar hann hófst handa við það. Með *Draumórasinfóníunni* var brotið blað í tónlistarsögunni, því svo nákvæm, sjálfsævisöguleg atburðarás hafði aldrei áður verið rakin í sinfónísku verki af slíkri stærðargráðu.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 í Háskólabíói og hefur síðan vakið verðskuldaða athygli en sveitin hlaut viðurkenninguna „Bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins hafa verið þátttakendur ár hvert á hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra. Eliza Reid forsetafrú tók að sér hlutverk verndara Ungsveitarinnar á tíu ára afmælisári sveitarinnar árið 2019.

Í Ungsveitinni eru gerðar strangar kröfur um faglega frammi-stöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið eftirtekt fyrir samstilltan flutning og magnaða túlkun. Hljómsveitin í ár er skipuð tæplega 100 hljóðfæraleikurum en þátttakendur voru valdir úr stórum hópi ungmenna sem léku um sæti í sveitinni með prufuspili.

Hector Berlioz
Symphonie fantastique
(Draumórasinfónían)

Ungsveit SÍ

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri



Jóhann Jóhannsson og Philip Glass

Jóhann Jóhannsson
Virðulegir forsetar (Part 1.0)

Philip Glass
Sinfónía nr. 1

Jóhann Jóhannsson
Odi et Amo

Jóhann Jóhannsson
A Prayer to the Dynamo

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jóna G. Kolbrúnardóttir
sópran

Jóhann Jóhannsson var eitt þekktasta kvikmyndatónskáld samtímans þegar hann féll frá langt fyrir aldur fram árið 2018. Hann hlaut meðal annars Golden Globe-verðlaunin árið 2014 og var tvívegis tilnefndur til Óskarsverðlauna. Á þessum útgáfutónleikum fagnar Sinfóníuhljómsveit Íslands nýrri hljómplötu sveitarinnar undir merkjum þýska útgáfurisans Deutsche Grammophon á verki Jóhanns, *A Prayer to the Dynamo*. Tónskáldið samdi verkið að beiðni tónlistarhátíðarinnar í Winnipeg 2012 og kallast það á við skrif bandaríska sagnfræðingsins Henry Adams sem varð fyrir djúpstæðri reynslu í „sal hinna miklu rafala“ á heimsýningunni í París árið 1900. Undur nýjustu tækni og vísinda fengu Adams til þess að velta fyrir sér framtíð mannsandans og spyrja spurninga sem ekki eiga síður vel við nú á dögum tölvutækni og gervigreindar. Á tónleikunum hljómar einnig hin heillandi og leiðslukennda sinfónía nr. 1 eftir Philip Glass en hún byggir á hljómplötu Davids Bowie, *Low*, frá árinu 1977. Til viðbótar eru á efnisskrá tvö smáverk úr smíðju Jóhanns: *Lúðrabyturinn* úr upphafi verksins *Virðulegu forsetar* frá árinu 2004, og angurværi söngurinn *Odi et Amo* úr leikritinu *Englabörnum* frá 2002.



ELDBORG

Anna og Elgar

Sellókonsert Edwards Elgars er einstakur í tónlistarsögunni; ástríðufull og innileg trúarjátning til listarinnar sem samin var eftir harmleik fyrri heimsstyrjaldar. Einleikari í konsertinum á þessum tónleikum er austurríski sellóleikarinn Kian Soltani, en hann er meðal fremstu sellóleikara sinnar kynslóðar. Soltani, sem er Austurríkismaður af persneskum ættum, fléttar gjarnan saman tónlistarhefðum austurs og vesturs, til að mynda í hljóðritunum sínum fyrir þýska útgáfurisann Deutsche Grammophon. Hann er rómaður fyrir tæknilega fullkomnun til jafns við tilfinningalega tengingu við áheyrendur, eins og íslenskir tónleikagestir fengu að kynnast vorið 2022 þegar Soltani lék sellókonsert Schumanns við mikinn fögnuð.

Meðal þeirra fjölmörgu sem sellókonsert Elgars hefur hrifið með sér í gegnum tíðina er Anna Þorvaldsdóttir tónskáld, sem kynntist verkinu sem ungur sellónemandi í Borgarnesi. Sem kunnugt er átti Anna eftir að gera tónlistina að ævistarfi með glæsilegum árangri, en tónsmíðar hennar eru nú reglulega á efnisskrám fremstu hljómsveita heims. Á þessum tónleikum hljómar, ásamt *sellókonserti* Elgars, *AIÖN*-sinfónía Önnu en hún byggir á verkinu *AIÖN* sem Sinfóníuhljómsveit

Íslands frumflutti ásamt Íslenska dansflokknum árið 2021. Þá fléttaðist dansverk Ernu Ómarsdóttur saman við hljóðfæraleik hljómsveitarinnar. Hlaut verkið tvenn Grímuverðlaun, bæði í flokki tónlistar og dans. Tónleikarnir hefjast á upphöfnum og ægifygnum forleik Richards Wagner að óperunni *Parsifal*, þar sem segir af samnefndum riddara við hirð Arthúrs konungs og leit hans að hinu heilaga grali.

Anna Þorvaldsdóttir hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í ársbyrjun 2018 og er þessum tónleikum, ásamt tónleikum í Hallgrímskirkju daginn eftir, ætlað að fagna þessu gjöfula samstarfi með því að flytja verk hennar samhliða öðrum stórvirkjum úr tónlistarsögunni.

Richard Wagner
Parsifal, forleikur

Edward Elgar
Sellókonsert

Anna Þorvaldsdóttir
AIÖN sinfónía

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Kian Soltani
einleikari



ARCHORA

FÖSTUDAGSRÖÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU

Þessir föstudagstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hallgrímskirkju eru helgaðir verkum Önnu Þorvaldsdóttur og haldnir í samstarfi við Hallgrímskirkju og kór hennar. Þar hljómar í upphafi hljómsveitarverkið *METACOSMOS*, þar sem fegurð og óreiða takast á. Þá tekur við innilegur sálmur Önnu fyrir kór, *Heyr þú oss himnum á*, saminn árið 2005 við sálm séra Ólafs frá Söndum sem uppi var á 17. öld. Við tekur önnur hrifandi tónsetning Önnu á ljóði, en *Ad Genua* er fyrir sópran, kór og strengjasveit og er samið við texta Guðrúnar Evu Mínervudóttur. Að lokum verður hljómsveitarverk Önnu, *ARCHORA*, flutt undir stjórn Evu Ollikainen en Eva hélt einnig um tónsprotann við heimsfrumflutning verksins á Proms, tónlistarhátíð breska ríkisútvarpsins BBC, í Royal Albert Hall sumarið 2022. Verkið var flutt í orgellausri útgáfu í Eldborg haustið 2022 en að þessu sinni fær hið glæsilega Klais-orgel Hallgrímskirkju að njóta sín.

Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS

Anna Þorvaldsdóttir
Heyr þú oss himnum á

Anna Þorvaldsdóttir
Ad Genua

Anna Þorvaldsdóttir
ARCHORA

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Bryndís Guðjónsdóttir
einsöngvari

Kór Hallgrímskirkju

Steinar Logi Helgason
kórstjóri



12.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Eldbjørg og Tortelier

Yan Pascal Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands á árunum 2016–2019 og snýr nú aftur
með spennandi efnisskrá í farteskinu þar sem tilfinninga-
þrungin og glæsileg tónlist frá Frakklandi og Finnlandi er
í aðalhlutverki. Einleikari á tónleikunum er hin unga, norska
fiðlustjarna Eldbjørg Hemsing sem á undanförunum árum
hefur haslað sér völl sem einn kraftmesti fiðluleikari sinnar
kynslóðar í Evrópu. Margir hrifust til að mynda af leik hennar
við afhendingu Nóbelsverðlaunanna 2021 sem sjónvarpað
var um víða veröld. Hún leikur hér hinn ægifagra *fiðlukon-
sert* Sibeliusar, ástaróð tónskáldsins til hljóðfærisins þar
sem hugmyndaflug og einstakt tónmál hans nýtur sín til
fulls. Tónleikarnir hefjast á hrífandi en sjaldheyrðum forleik
franska tónskáldsins Gabriels Fauré að óperunni *Pénélope*
frá 1913, sem samin var upp úr efni Ódysseifskviðu. Eftir
hlé hljómar svo hin stórbrotna *Sinfónía í B-dúr* eftir Ernest
Chausson. Chausson var staksteinn í frönskum tónsmíðum
í lok 19. aldar og fléttaði ólíkum stílbrigðum samtíðar sinnar
saman í verk sem býr jöfnum höndum yfir dramatískri
stærð og ljóðrænni fágun.

Gabriel Fauré
Forleikur að *Pénélope*

Jean Sibelius
Fiðlukonsert

Ernest Chausson
Sinfónía í B-dúr

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Eldbjørg Hemsing
einleikari



Eric Lu leikur Mozart

Kínversk-bandaríski píanóleikarinn Eric Lu hefur á undanförunum árum skotist hátt upp á stjörnuhimin píanóheimsins en árið 2018 bar hann sigur úr bítum í hinni virtu Leeds-píanókeppni, þá aðeins tvítugur. Lu hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir dýpt og fágun í túlkun sinni, ekki síst í verkum Mozarts. Á þessum tónleikum leikur hann einmitt síðasta píanókonsertinn sem Mozart lauk við á ævinni, *Píanókonsert nr. 27* í b-dúr, verk sem geislar af hlýju og mannskilningi. Hin tvö verkin á efnisskránni eru bæði ættuð úr Bæheimi, annað frá níttjándu öld og hitt frá þeirri tuttugustu. Í upphafi hljómar hinn kraftmikli og áleitni tvöfaldi konsert Bohuslavs Martinů fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur, saminn á viðsjárverðum tímum í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar. Tónleikunum lýkur á gerólíku verki, *Sinfóníu nr. 8* eftir Antonín Dvořák, sem margir telja þá innlegustu og frumlegustu af níu sínfóníum hans, en verkið er uppfyllt af hrífandi náttúrumyndum og fuglasöng.

Bohuslav Martinů

Tvíkonsert fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur

Wolfgang Amadeus Mozart

Píanókonsert nr. 27

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 8

Dinis Sousa

Hljómsveitarstjóri

Eric Lu

einleikari



26.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Gerstein leikur Rakhmanínov

Jennifer Higdon
blue cathedral**Sergej Rakhmanínov**
Píanókonsert nr. 3**Sergej Prokofiev**
Rómeó og Júlía, svíta**Stéphane Denève**
hljómsveitarstjóri**Kirill Gerstein**
einleikari

Þriðji píanókonsert Rakhmanínovs er einn af hátindum píanóbókmenntanna, skrifaður af mikilli andagift og þekkingu á möguleikum hljóðfærisins. Verkið er jafnframt einhver kröfuharðasti píanókonsert sem saminn hefur verið en eins og frægt er orðið hafði Rakhmanínov gríðarstórar hendur og bjó yfir feikilega góðri píanótækni. Það er því heppilegt að einleikarinn á þessum tónleikum, Kirill Gerstein, „hristir erfiðustu tónahlaup fram úr erminni eins og ekkert sé“, eins og gagnrýnandi Fréttablaðsins komst að orði um Gerstein þegar hann kom fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2016. Við sama tækifæri var leikur hans sagður „rafmagnaður og fullur af dirfsku“. Það finnst ekki síður óheflaðar ástríður í ballettónlist Sergejs Prokofíev um elskendurna sem Shakespeare gerði ódauðlega, Rómeó og Júlíu. Á þessum tónleikum hljómar svíta sem hljómsveitarstjóri kvöldsins, Stéphane Denève, hefur unnið upp úr stórvirki Prokofíevs. Tónleikarnir hefjast á stuttu hljómsveitarverki Jennifer Higdon, *blue cathedral*, þar sem sárar tilfinningar tengdar bróðurmissi fá farveg í faguðum hljómsveitarvefnaði.



Ásgeir Trausti og Sinfó

Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND AIRWAVES

Ásgeir Trausti hefur verið með vinsælustu tónlistarmönnum landsins síðan fyrsta plata hans, *Dýrð í dauðapögn*, kom út árið 2012. Platan sló öll íslensk sölumet og ensk útgáfa hennar sem út kom tveimur árum síðar náði inn á vinsældalista víða um lönd. Síðan hefur Ásgeir gefið út þrjár breiðskífur sem náð hafa miklum vinsældum og hlotið fjölda verðlauna. Nú um stundir ferðast Ásgeir um heiminn til þess að fylgja eftir fjórðu breiðskífunni, *Time on my Hands*, sem kom í október 2022, og hefur leið hans meðal annars legið um Evrópu, Bandaríkin, Ástralíu, Nýja-Sjáland og Japan.

Á tónleikunum í Eldborg hljóma mörg af þekktustu lögum Ásgeirs í glæsilegum útsetningum fyrir fullskipaða sinfóníuhljómsveit.

Með tónleikunum endurvekur Sinfóníuhljómsveit Íslands samstarf sitt við tónlistarhátíðina Iceland Airwaves en stefnt er að því að hljómsveitin verði árlega á dagskrá hátíðarinnar. Áður hefur Sinfó meðal annars tekið þátt í Iceland Airwaves á tónleikum með John Grant, Jóhanni Jóhannssyni, Emilíönu Torrini og Ólafi Arnalds.

Tónlist Ásgeirs
Trausta í nýjum
hljómsveitarútsetningum

Anthony Weeden
hljómsveitarstjóri

Ásgeir Trausti
einsöngvari

**Partner event
á Iceland Airwaves**
Forgangur og afsláttur
fyrir Iceland Airwaves
miðahafa og áskrifendur
Sinfóníuhljómsveitar
Íslands.



ELDBORG

Bartók og Beethoven

Fiðlukonsert Béla Bartóks er eitt af stórvirkjum 20. aldarinnar fyrir hljóðfærið. Hann var saminn árið 1938, þegar tónskáldið var niðurbrotið yfir uppgangi fasismans í Ungverjalandi og þeim þjóðernisofsóknum og ofbeldi sem honum fylgdu. Hafa margir túlkað verkið sem einskonar hinu kveðju Bartóks til ættjarðarinnar en skömmu eftir að hann lauk við konsertinn flúði hann ásamt konu sinni til Bandaríkjanna og auðnaðist þeim aldrei að snúa aftur heim. Verkið er þrungið sterkum tilfinningum og uppfyllt af vísunum í þjóðlagaarfinn sem Bartók hafði rannsakað á ferðum sínum um sveitir Ungverjalands í upphafi tuttugustu aldarinnar.

Hetjuhljómkviða Ludwigs van Beethoven er eitt af tímamóta- verkum tónlistarsögunnar. Með henni markaði Beethoven nýja og áður óþekkt braut í skrifum fyrir símfóníuhljómsveit og gætir áhrifanna enn í dag. Innblásturinn að verkinu mun hafa verið sjálfur Napóleón, en þegar hann krýndi sig keisara dró Beethoven tileinkunnina til baka. Ímynd hetjunnar svífur þó greinilega yfir vötnum í verkinu, full af dirfsku og krafti. Í upphafi tónleikanna hljómar verk Veronique Vöku, *Inmost*, í fyrsta sinn á tónleikapalli, en verkið er samið fyrir Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra Símfóníuhljómsveitar Íslands.

Fiðluleikarinn Leila Josefowicz er á meðal fremstu fiðluleikara heims og hefur markað sér sérstöðu með flutningi helstu tónverka 20. og 21. aldar, auk þess sem hún tekur virkan þátt í frumsköpun nýrrar tónlistar með pöntunum og samstarfi við tónskáld úr ýmsum áttum. Josefowicz er staðarlistamaður hjá Símfóníuhljómsveit Íslands starfsárið 2023–24 og kemur tvisvar fram með sveitinni, auk þess sem hún leikur einleiks-tónleika í föstudagsröðinni í janúar næstkomandi.

Veronique Vaka
Inmost
(heimsfrumflutningur)

Béla Bartók
Fiðlukonsert nr. 2

Ludwig van Beethoven
Símfónía nr. 3

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz
einleikari



Fílalag og Sinfó

BERGUR EBBI OG SNORRI HELGASON FÍLA KLASSÍSKA TÓNLIST

Hlaðvarpið Fílalag hefur undanfarin ár skipað sér sess sem einn vinsælasti tónlistarþáttur landsins. Nú stíga þáttastjórnendurnir Bergur Ebbi og Snorri Helgason í fyrsta sinn á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg þar sem þeir leggja á djúpið og fíla tónlist sem fullskipuð sinfóníuhljómsveit flytur svo í allri sinni dýrð. Hér hljóma klassísk tónverk sem fléttast hafa saman við dægurmenningu og samtímasögu á ýmsan hátt: klassísk verk sem orðið hafa dægurtónlistarmönnum innblástur, popplög sem eiga sér klassískt hliðarsjálíf og tónlist sem hljómað hefur í vinsælum kvikmyndum eða við merkingarþrungnar aðstæður – allt annars staðar en á sinfóníutónleikum.

Bergur Ebbi á að baki langan feril sem rithöfundur, uppistandari og fyrirlesari og Snorri Helgason hefur starfað sem tónlistarmaður í hálfan annan áratug og á að baki fjölmargar sólóplötur og leikhúsverkefni. Saman hafa þeir sent út hlaðvarpið Fílalag frá árinu 2014, þættirnir eru orðnir á þriðja hundruð talsins og samanlagðar hlustanir nærri milljón. Þeir hafa stigið á svið í Borgarleikhúsinu með sýningar upp úr hlaðvarpinu, en auk þess voru sjónvarpsþættir þeirra félaga um íslensk dægurlög sýndir á RÚV síðasta vor. Tónleikar fyrir öll þau sem fíla Sinfó.



Philip Glass

FÖSTUDAGSRÖÐ

Bandaríska tónskáldið Philip Glass hefur haft feikilega viðtæk áhrif á samtímameninguna en eftir hann liggja óperur, sínfóníur, einleiks- og kammerverk og rafmögnuð verk fyrir hans eigin tónlistarhóp. Auk þess hefur hann átt í frjóu samstarfi við listamenn úr heimi popp-, rokk- og heimstónlistar, rithöfundu, dansara, leikhúsfólk og kvikmyndagerðarmenn svo eitthvað sé nefnt. Óperur Glass á borð við Einstein on the Beach og Akhnaten njóta ævinlega vinsælda þegar þær eru settar upp við helstu óperuhús heims, Glass hefur skrifað tónlist fyrir Óskarsverðlaunamyndir á borð við The Hours og kvikmynd Martins Scorsese, Kundun, en áhrifamesta verk hans í þeim miðli er þó eflaust leiðslukennd hljóðrásin við kvikmyndina Koyaanisqatsi. Sínfóníur Glass búa yfir sama seiðmagninu, en þær eru nú orðnar fjórtán talsins. Á þessum tónleikum stjórnar Daníel Bjarnason sínfóníu nr. 8, verki frá árinu 2005 sem pantað var af Bruckner-hljómsveitinni í Linz undir stjórn Dennis Russell Davies. Hljómsveitarstjórinn hvatti tónskáldið til að „líta á hljómsveitina sem samansafn virtúósískra einleikara á borð við þá sem einleikskonsertar eru gjarnan skrifaðir fyrir“. En líkt og tónskáldið segir sjálf er umfjöllunarefnið „tungumál tónlistarinnar sjálfra“.



ELDBORG

Adam Hickox
hljómssveitarstjóri**The King's Singers**
sönghópur

The King's Singers

AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Breski sextettinn The King's Singers er einn frægasti sönghópur heims. Hann hefur starfað óslitið allt frá árinu 1968 þegar sex söngvarar, nýútskrifaðir frá King's College í Cambridge, ákváðu að stofna lítinn sönghóp: tveir kontratenórar, einn tenór, tveir barítónar og bassi. Verkefnavalið var óvenju breitt, allt frá miðaldasöngvum til dægurlaga, og með hrífandi framkomu og eftirminnilegum raddsetningum komst hópurinn fljótt í fremstu röð.

Óhætt er að segja að tónleikar þessa einstaka sönghóps með Sinfóníuhljómssveit Íslands séu langþráðir en þeir voru fyrirhugaðir fyrir heimsfaraldur og verða nú loks að veruleika. Efnisskrá tónleikanna er full af ómótstæðilegum jólalögum úr ólíkum áttum og má þar nefna jafnt gamla, hátíðlega jólasöngva á borð við *Kom þú, kom vor Immanúel* og *Heims um ból* sem og léttleikandi lög sem löngu eru orðin ómissandi um þetta leyti árs á borð við *Litla trommuleikarann*, *Klukkna-hljóm*, *Jólasveinninn kemur í kvöld* og *Nú minnir svo ótalmargt á jólin*. Öll hljóma þessi kunnuglegu lög í glæsilegum raddsetningum þar sem hæfileikar þessa einstaka sönghóps njóta sín til fulls. Auk þess leikur Sinfóníuhljómssveit

Íslands hrífandi barokkperlur eftir Johann Sebastian Bach og Georg Friedrich Händel – þar á meðal kafla úr *Vatnatónlist* þess síðarnefnda.

The King's Singers hafa sungið inn á yfir 100 plötur sem margar hafa náð metsölu, og halda um 150 tónleika á ári hverju. Þeir hafa sungið í öllum helstu tónleikahúsum heims, m.a. annars í Carnegie Hall, Óperuhúsinu í Sídney og Concertgebouw í Amsterdam. Hópurinn hefur unnið til tvennra Grammy-verðlauna og var valinn í úrvalshóp („Hall of Fame“) tímaritsins Gramophone. The King's Singers hafa einnig pantað ný verk af ýmsum toga, meðal annars eftir György Ligeti, Sir John Tavener, Sally Beamish og Eric Whitacre.

Hópurinn hefur tvívegis sungið á Íslandi, fyrst á Listahátíð í Reykjavík 1989 og síðan í Hörpu og Skálholti 2015, en þetta er í fyrsta sinn sem hann kemur fram með Sinfóníuhljómssveit Íslands.



16.-17.12

LAUGARDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00

SUNNUDAGUR
Kl. 14:00 og 16:00

ELDBORG

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa um árabíl notið gífurlegra vinsælda meðal gesta á öllum aldri. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum hljóma sígildar jólaþerlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitar-tónlist sem kemur öllum í jólaskap. Ungir hljóðfæraleikarar, ballettdansarar og einleikarar ásamt stúlknakór Reykjavíkur, Páli Óskari, Jóhönnu Guðrúnu og Kolbrúnu Völkudóttur færa hlustendum jólalögina í sannkölluðum hátíðarbúningi. Þá kíkir Maximús Músíkús í heimsókn, biður hljómsveitina um að leika uppáhalds jólalagið sitt og fær gesti í sal til að taka lagið. Barbara trúður hjálpar tónleikagestum að finna jólaandann með óviðjafnanlegum kynningum sem túlkaðar eru á táknmáli. Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytur jólalög á undan og eftir tónleikum í Hörpuhorni.

Þetta eru tónleikar fyrir jólabörn á öllum aldri.

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara
kynnir

Páll Óskar Hjálmtýsson
Jóhanna Guðrún
Jónsdóttir
Kolbrún Völkudóttir
einsöngvarar

Stúlknakór Reykjavíkur
og **Kammerkórinn Aurora**

Dansarar úr Listdans-
skóla Íslands

Bjöllukór Tónlistarskóla
Reykjanesbæjar

Ungir tónlistarnemendur



ELDBORG

Vínartónleikar Sinfóníunnar

Óperettútonlist, valsar
og polkar

Mirian Khukhunaishvili
hljómsveitarstjóri

**Álfheiður Erla
Guðmundsdóttir**
einsöngvari

Oddur Arnþór Jónsson
einsöngvari

Hinir sívinsælu Vínartónleikar eru sannkölluð nýársveisla og sú glaðværa tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Á efnisskránni er að vanda sígild Vínartónlist sem kemur öllum í gott skap – valsar, polkar og galopp – en meðal fastra punkta á tónleikunum ár eftir ár eru Keisaravalsinn og Dónárvalsinn eftir Jóhann Strauss yngri. Þá hljóma aríur og dúettar úr vinsælum óperettum í flutningi tveggja framúrskarandi einsöngvara, en auk þeirra koma að vanda glæsilegir dansarar fram á tónleikunum.

Sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir hefur vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir glæsilegan og fágaðan söng og hlaut hún meðal annars Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins 2021. Álfheiður stundaði nám við Hanns Eisler tónlistarháskólann í Berlín og hefur þegar haslað sér völl á alþjóðlega óperusviðinu. Hún er nú fastráðin við Theater Basel í Sviss og hefur hlotið afar lofsamlega dóma þar. Oddur Arnþór Jónsson baritónsöngvari hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2018 sem söngvari ársins fyrir hlutverk Michaels í Brothers, óperu Daníels Bjarnasonar, en hann hefur sungið fjölda óperuhlutverka héraðs og erlendis auk þess að leggja stund á ljóðasöng. Hann lauk námi 2014 frá Mozarteum tónlistarháskólanum í Salzburg.



Undrabarnið sem fór í uppreisn

**LEILA JOSEFOWICZ STAÐARLISTAMAÐUR SEGIR
FRÁ TÓNLEIKUM VETRARINS, FERLI SÍNUM OG
ÁSTRÍÐUNNI FYRIR NÝRRI TÓNLIST**

Leila Jozefowicz hefur verið í fremstu röð fiðluleikara heimsins um árabíl. Eftir að hafa skotist upp á stjörnuhimininn sem unglíngur á tíunda áratugnum með helstu rómantísku glæsiverkum fiðlubókmenntanna fór hún í auknum mæli að helga sig nýrri tónlist. Í dag hefur hún frumflutt fjölmarga konserta eftir helstu tónskáld okkar tíma og veit ekkert skemmtilegra en að leyfa áheyrendum sínum að heyra eitthvað alveg nýtt.



„Best er að áheyrendur hlusti á með opnum, forvitnum hug og leyfi sér að upplifa tónlistina á eigin forsendum.“

„Ég hlakka ósegjanlega til að koma og vinna með þessari frábæru hljómsveit á þessum kvarða,“ segir Josefowicz þegar hún er tekin tali í síma frá heimili hennar í New York, en hún flutti fiðlukonsert John Adams, Scheherazade.2, með hljómsveitinni árið 2017. Josefowicz hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar á ferlinum, meðal annars hin virtu MacArthur-verðlaun sem veitt eru framúrskarandi vísinda- og listafólki úr ýmsum áttum. Verðlaunin hlaut hún „fyrir að auka við efnisskrá hljóðfæris síns og að heilla áheyrendur með því að tefla hinu framsækna og fjölbreytta á móti hinu hefðbundna“.

AÐ UPPLIFA TÓNLISTINA Á EIGIN FORSENDUM

Tónleikar Josefowicz með Sinfóníuhljómsveit Íslands starfsárið 2023–24 verða svo sannarlega spennandi blanda hins framsækna og hins hefðbundna. Hún leikur tvo einleikskonserta með hljómsveitinni, fiðlukonsert Béla Bartóks þann 9. nóvember og fiðlukonsert skoska tónskáldsins Helen Grime 11. janúar, en daginn eftir síðari tónleikana leikur hún á einleikstónleikum í föstudagsröðinni þar sem fiðlupartíta Bachs hljómar ásamt verki Matthiasar Pintscher, La Linea Evocativa. „Ég spilaði Bartók-konsertinn mikið þegar ég var á þrítugsaldri og mér finnst stórkostlegt að koma aftur að verkinu nú, með enn dýpri lotningu fyrir snilld þess, litadýrðinni, minnisstæðum laglínunum þess, útpældu forminu og spennandi hljóðfæranotkun,“ segir Josefowicz og bætir við: „Þvílíkur snillingur!“

Hinn konsertinn er eftir hina skosku Helen Grime, sem fædd er 1981 og er meðal fremstu ungu tónskálda Bretlandseyja nú um stundir. „Verkið hefur dulræna og seiðandi vídd, ótrúlegan rytmískan sprengikraft og býr auk þess yfir þeim fágæta eiginleika að veita einleikaranum mikið frelsi. Það er áhugavert að spila jafnmörg ný verk og ég geri, því maður fer að finna það strax þegar verk smellur, bæði við flytjandann og við áheyrendur. Þetta er eitt af þeim. En orðin duga skammt til þess að lýsa góðri tónlist. Best er að áheyrendur hlusti á með opnum, forvitnum hug og leyfi sér að upplifa tónlistina á eigin forsendum.“

FANN RÖDD SÍNA Í BACH

„Einleikstónleikarnir eru áhugaverðir því þarna hljóma tvö meistaraverk fyrir fiðlu, samin með 250 ára millibili, og bæði kanna mögnuðustu hljóðin sem fiðlan er fær um að gefa frá sér,“ segir Josefowicz, sem sökkta sér í verk fyrir einleiksfiðlu án undirleiks í heimsfaraldrinum. „Ég hafði aldrei áður flutt Bach opinberlega – eins ótrúlega og það hljómar – en þetta var loksins rétti tíminn. Nú hafði ég margra mánaða næði til þess að finna mína eigin rödd í tónlist Bachs og gat hætt að hafa áhyggjur af væntingum annarra. Ég er óskaplega hamingjusöm að hafa fengið þetta tækifæri. Og það var líka í faraldrinum sem ég pantaði verkið af Matthiasi Pintscher. Við vorum öll í áfalli og þetta verk er ein af gersemunum sem spruttu upp úr þessu furðulega ástandi,“ segir Josefowicz.





„ÞETTA VAR ÁKVEÐIN UPPREISN“

Leila Josefowicz er fædd í Ontariofylki í Kanada árið 1977 en fluttist með fjölskyldu sinni ung að árum til Los Angeles í Bandaríkjunum, þar sem hún hóf fiðlunám þriggja og hálfis árs gömul. Þrettán ára gömul innritaðist hún í Curtis-tónlistarháskólann í Filadelfíu og á táningsaldri var hún farin að koma fram sem einleikari með helstu hljóm-sveitum Bandaríkjanna og Evrópu. En hvenær fór hugurinn að snúast til nýrrar tónlistar? „Ég var svo ung þegar ég náði frama sem einleikari að mér fannst ég í rauninni aldrei hafa tækifæri til að ákveða sjálf hvað mig langaði til að gera í tónlistinni; það var allt þegar komið í gang,“ segir Leila Josefowicz. „Ég held að áhuginn á nýju tónlistinni hafi svolítið sprottið úr þessu. Ég var mjög forvitin að kanna nýja tónlist, mig hungraði í eitthvað óvenjulegra, einstakara, eitthvað sem ekki var fyrirfram ákveðið. Þetta var ákveðin uppreisn. Ég man eftir að hafa hugsað, seint á táningsaldri: Ég elska Tsjajkovskij-konsertinn, en elska ég hann nóg til þess að spila hann áratugum saman í viðbót?“

NÝ TÓNLIST ÞARF SÖMU ALÚÐ OG VERK GÖMLU MEISTARANNA

Tsjajkovskij-fiðlukonsertinn var einmitt verkið sem Josefowicz lék þegar hún debúteraði sautján ára gömul í Carnegie Hall í New York með hljómsveit Academy of St. Martin in the Fields undir stjórn Sir Neville Marriner. Hún gerði í kjölfarið útgáfusamning við Philips-hljómplöturisann og hefur síðan hljóðritað öndvegisverk fiðlubókmenntanna frá ýmsum tímum fyrir hann, auk annarra útgáfufyrirtækja á borð við Warner og Deutsche Grammophon. En listakonan unga gerði

fljótlega upp hug sinn. „Tilfinningin var sú að mig langaði til þess að gera meira við tónlist. Mér fannst líka ný tónlist stundum ekki njóta sannmælis. Einleikararnir sinntu henni ekki með sömu alúð og gömlu meistaraverkunum og þess vegna fengu áheyrendur ekki að kynnast henni á sama hátt og þeim. Flytjendur bera mikla ábyrgð á flutningi nýrra verka. Án ástríðu þeirra skila þau sér einfaldlega ekki til áheyrenda.“

BEST AÐ SPILA ÞAÐ SEM ENGINN HEFUR HEYRT ÁÐUR

„Ég var mjög heppin með tímasetninguna – ég komst í samband við marga af mínum bestu vinum í tónlist. John Adams, Oliver Knussen, Esa-Pekka Salonen – þeir voru allir farnir að huga að því að semja fiðlukonserta og ég var á réttum stað á réttum tíma,“ segir hún og bætir við: „Þetta er það sem hefur veitt mér mestan innblástur á ferlinum, að vinna með þeim sem skapa nýja tónlist. Þau þurfa á mér að halda og ég þarf á þeim að halda, og við þurfum það besta sem við getum gefið hvert öðru. Öll tónskáld eru ólík – sum vilja mikla endurgjöf frá einleikaranum í tónsmíðuferlinu og önnur ekki. En þetta er alltaf ótrúlegt ævintýri, að fylgja verki í gegnum sköpunarferlið að frumflutningi. Ég veit ekki neitt meira spennandi en að spila eitthvað sem enginn hefur áður heyrt.“

Enigma tilbrigðin

Enigma-tilbrigði Edwards Elgars eru eitt ástsælasta sinfóníska stórvirki Breta fyrr og síðar og færðu þau tónskáldinu heimsfrægð þegar þau voru frumflutt árið 1900. Verkið samanstendur af 14 tilbrigðum sem bregða hvert um sig upp lifandi svipmyndum af vinum tónskáldsins og kunningjum, konu hans og loks honum sjálfum. Tónlistin spannar allt frá góðlátlegri glettni til djúpra ástríðna en stefið sem öll tilbrigðin kallast á við heyrir hins vegar aldrei í verkinu sjálfu og er það hin eiginlega ráðgáta sem titillinn vísar til.

Á þessum tónleikum kemur fram fiðlurvirtúósinn og staðarlistamaðurinn Leila Josefowicz í annað sinn á starfsárinu. Í þetta sinn er hún með brakandi ferskan fiðlukonsert skoska tónskáldsins Helen Grime frá 2016 í farteskinu. Grime er meðal fremstu tónskálda Breta af ungu kynslóðinni og hafa verk hennar verið lofuð fyrir leiftrandi andagift og einstaka hugkvæmni. „Ég er sérstaklega spennit að geta frumflutt fiðlukonsert Helen Grime á Íslandi,“ segir Leila Josefowicz um verkið. „Hann kraumar af líkamlegri orku til jafns við eitt-hvað dulrænt og himneskt. Fá ný verk eru skemmtilegri að flytja fyrir fólk.“ Upphafsverk tónleikanna er Ballaða í a-moll

eftir Samuel Coleridge-Taylor, samtímann Elgars, kraftmikið og líflegt verk þar sem dregnar eru fram skýrar tilfinningar þótt formið sé knappt.

Samuel Coleridge-Taylor

Ballaða í a-moll

Helen Grime

Fiðlukonsert

Edward Elgar

Enigma-tilbrigðin

Daníel Bjarnason

hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz

einleikari



Portrett af Leilu Josefowicz

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í FÖSTUDAGSRÖÐINNI

„Tvö snilldarleg einleiksverk fyrir fiðlu, aðskilin af 250 árum.“ Þannig lýsir Leila Josefowicz, fiðluleikari og staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á yfirstandandi starfsári verkunum tveimur sem hljóma á þessum stuttu og gripandi föstudagstónleikum í Norðurljósum. Matthias Pintscher er í fremstu röð þýskra samtímatónskálda og eru verk hans flutt um allan heim. *La linea evocativa* er innblásið af verkum myndlistarmannsins George Condo og frumflutti Leila Josefowicz það í gallerí þar sem verk hans voru til sýnis í New York árið 2020. Partítur Bachs fyrir einleiksfíðlu eru ekki síður framsækin tónlist þegar þær eru skoðaðar frá réttu sjónarhorni, en í þeim leikur Bach sér að möguleikum fiðlunnar til þess að skapa fjölradda tónlist, auk þess sem hann fléttar saman stórbrotnum laglínunum og hrífandi dansrytmum. Að loknum flutningi situr Leila Josefowicz fyrir svörum og gefst tónleikagestum því einstakt tækifæri til þess að kynnst hinni hljóðinni á þessum einstaka listamanni.

Matthias Pintscher
La linea evocativa:
Teikning fyrir einleiksfíðlu

Johann Sebastian Bach
Partíta fyrir einleiksfíðlu
nr. 2

Leila Josefowicz
einleikari



Myndir á sýningu

Efnisskrá þessara fjörmiklu tónleika stefnir saman ólíkum listformum en þeir hefjast á fjórum dögum úr balletti argentínska tónskáldsins Alberto Ginastera, þar sem hinir suður-amerísku *gaucho-kúrekar* eru aðalsöguhetjurnar. Sellókonsert Önnu Clyne, *Dance*, sækir á hinn bóginn í ljóð persneska ljóðskáldsins Rumi og ber hver fimm þátta hans titil úr ljóðum hans. „Ég man ekki hvenær ég táraðist síðast yfir samtímaverki,“ skrifaði gagnrýnandi Gramophone um verk Clyne sem frumflutt var 2019, en það hlaut fádæmagóðar viðtökur fyrir hrífandi fagrar laglínur, faguð litbrigði í hljómsveitarskrifum og mikla tilfinningalega dýpt. Eftir hlé hljómar eitt frægasta verk Modests Mússorgskíjs, *Myndir á sýningu*. Mússorgskíj samdi verkið upphaflega fyrir píanó og byggði á myndum hins nýlátna vinar síns, listmálarans Viktors Hartmanns. Verkið leiðir hlustandann á eins konar göngu um sýningu þar sem staldrað er við áhrifamiklar myndir sem tendra ímyndunaraflið með vísunum í ævintýri, þjóðsögur og sögufræga staði. Útsetning Maurice Ravel fyrir símfóníuhljómsveit er snilldarleg og bætir við enn einni vídd í þetta stórbrotna verk.

Alberto Ginastera
Fjórir dansar úr Estancia

Anna Clyne
Dance, sellókonsert

Modest Mússorgskíj
Myndir á sýningu
(úts. Maurice Ravel)

Emilia Hoving
hljómsveitarstjóri

Senja Rummukainen
einleikari



Jónas Ásgeir og Gjörningaklúbburinn

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músík-dögum 2024 fá tónleikagestir að upplifa nýstárlegt verk Gjörningaklúbbsins, *Flökkusinfónu*, þar sem tónlist, myndlist og kvikmyndalist renna saman í eitt. „Verkið býður upp á abstrakt ferðalag þvert á tungumál þar sem flökkutaugin, samkenndartaug líkamans er virkjuð,“ segja listamennirnir um verkið, en sífónían byggir á upplifun miðils á forsögu elstu hljóðfæra Sinfóníuhljómsveitar Íslands. „Í verkinu er allt skynróf líkamans virkjað á flakki um óræða heima á mörkum draums og veruleika.“ Gjörningaklúbburinn er skipaður myndlistarkonunum Eirúnu Sigurðardóttur og Jóní Jónsdóttur sem hafa starfað saman frá árinu 1996. Við gerð þessa verks fengu þær tónskáldin Unu Sveinbjarnardóttur og Ólaf Björn Ólafsson til liðs við sig ásamt einvala liði kvikmyndagerðar-fólks, dansara, leikara og fimleikafólks.

Á fyrri hluta tónleikanna er íslensk samtímatónlist í aðalhlutverki. Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmonikkuleikari vann Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins síðasta vor, en hann hefur nú þegar vakið mikla athygli hér heima og erlendis fyrir virtúósísk tók sín á hljóðfærinu og framúrskarandi túlkun á nýrri tónlist. Hér leikur hann tvo ólíka og hrifandi

konsertra með hljómsveitinni, annars vegar verk Þuríðar Jónsdóttur, *Installation around a Heart*, frá árinu 2005 og hins vegar harmonikkukonsert Finns Karlssonar frá 2020, en hljóðritun Jónasar Ásgeirs og *Elju kammersveitar* á síðarnefnda konsertinum er meðal efnis á hljómplötu hans Fikta, sem nú síðast hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem plata ársins í sígildri og samtímatónlist. Tónleikarnir hefjast hins vegar á nýju verki Bergrúnar Snæbjörnsdóttur, *Striations*, sem pantað var af Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og frumflutt af ungsveit hennar undir stjórn llans Volkovs snemma árs 2023. Verk Bergrúnar njóta nú vaxandi athygli og hafa meðal annars Fílharmoníusveitin í Osló og International Contemporary Ensemble í New York pantað og leikið tónsmíðar hennar. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt verk Bergrúnar á Tectonics-hátíðinni 2014 og 15, auk þess sem hljómsveitin og Anna Þorvaldsdóttir pöntuðu verk hennar *Skin in* sem frumflutt var 2019.

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar eru ein elsta starfandi tónlistarhátíð landsins og einskonar uppskeruhátíð íslenskrar samtímatónlistar. Hátíðin var sett á fót árið 1980 og hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands tekið þátt í henni frá upphafi.

Bergrún Snæbjörnsdóttir
Striations

Þuríður Jónsdóttir
Installation around a Heart

Finnur Karlsson
Harmonikkukonsert

**Gjörningaklúbburinn,
Una Sveinbjarnardóttir
og Ólafur Björn Ólafsson**
Flökkusinfónía
(heimsfrumflutningur)

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Jónas Ásgeir Ásgeirsson
einleikari

Gjörningaklúbburinn



Konsert sem ber í sér allan heiminn

BENJAMIN GROSVENOR SEGIR FRÁ PÍANÓKONSERT FERRUCCIO BUSONI

Breski píanóleikarinn Benjamin Grosvenor er í flokki fremstu píanista heims og hefur vakið athygli bæði heima og að heiman fyrir það hvernig hann sameinar á fágætan hátt gríðarlega tæknilega yfirburði, mikla listræna íhygli og hógværd sem ekki fer alltaf saman. Þannig hefur honum verið hrósað fyrir „ferskt ímyndunarafl, fullkominn skort á sýndarmennsku og sannkallaða ljóðræna djúpköfun í þágu tónlistarlegrar túlkunar“, eins og blaðamaður Züddeutsche Zeitung komst að orði.





„Þetta er stórbrotið verk, fullt af dýrðlegri ofgnótt og ótrúlegri fjölbreytni.“

Þessi óvenjulegi listamaður leikur einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands þann 1. febrúar 2024 og er píanókonsertinn sem þá hljómar heldur ekkert venjulegt verk. Það er hinn stórbrotni píanókonsert ítalska tónskáldsins og píanóvirtúósins Ferruccio Busoni, sjötíu mínútna ævintýralegt glæsiverk frá árinu 1904 sem krefst meðal annars þátttöku karlakórs. Konsertinn hefur aldrei áður hljómað á tónleikum hér á landi, en árið 2024 verða hundrað ár frá andláti þessa mikla og óvenjulega, ítalska tónskálds.

KLASSÍSISTI OG FRAMÚRSTEFNUMAÐUR

„Ég hafði í raun ekki spilað mikið af tónlist Busonis áður en ég tók til við að æfa konsertinn, þótt tónskáldið hafi veitt mér mikinn innblástur í gegnum tíðina,“ segir Benjamin Grosvenor þegar hann er tekinn tali um verkið. „Ég hef hins vegar mikið spilað umritun hans á Chaconne-kaflanum úr fiðlupartítu Bachs í d-moll, verk sem segja má að feli í sér jafnmikið af tónlist Busonis og Bachs. Mér finnst það segja mikið um persónuleika hans í tónlistinni,“ segir Grosvenor, en margir þekkja einmitt ægifagar og útsjónarsamar umritanir Busonis á verkum Bachs fyrir píanó.

En hver var þetta tónskáld? Ferruccio Busoni fæddist árið 1886 í Toscana-héraði á Ítalíu inn í mikla tónlistarfjölskyldu og var enn á barnsaldri þegar hann var farinn að semja tónlist og koma fram sem píanóleikari. Hann lærði í Vínarborg,

Graz og Leipzig og heillaðist af Franz Liszt, enda var tónlist hans sjálfs framan af rómantísk og glæsileg. Síðar átti hann eftir að fíkra sig út á framúrstefnulegri mið og reyndust skrif hans um fagurfræði tónlistar talsvert á undan sinni samtíð. „Þótt hann væri vel heima í hefðinni var Busoni tilbúinn að þenja út mörkin – hann var byltingarmaður á sinn einstaka hátt. Í aðra röndina kallaði hann á afturhvarf til klassikurinnar en á hinn bóginn lét hann sér detta í hug hluti á borð við míkrotóna og raftónlist,“ segir Grosvenor.

Eftir námsárin í Vínarborg bar tónleika- og kennsluferill Busonis hann um víða veröld og bjó hann meðal annars í Boston, New York, Moskvu og Helsinki, þar sem hann var í miklu og djúpu vinfengi við kollega sinn Jean Sibelius. „Busoni var mikill heimsmaður, bjó víða og hafði mjög hnattrænt viðhorf til tónlistar. Hann umskrifaði meira að segja tónlist amerískra frumbyggja og þetta er meðal þess sem má greina í hinum risavaxna píanókonsert, verki sem virðist geyma í sér allan heiminn og vega salt milli reglu og óreiðu,“ segir Grosvenor.

DÝRÐLEG OFGNÓTT OG ÓTRÚLEG FJÖLBREYTNÍ

Píanókonsertinn var sem áður sagði saminn 1904, frumfluttur í Berlín sama ár og var tónskáldið sjálf í einleikshlutverkinu, enda ekki margir píanóleikarar samtímans færir um þessa miklu eldraun. „Þetta er stórbrotið verk, fullt af dýrðlegri ofgnótt og ótrúlegri fjölbreytni. Það er í fimm köflum og

í síðasta kaflanum er gert ráð fyrir karlakór. Það er gífurlega krefjandi fyrir píanóleikarann – fordæmalaust raunar – og krefst feikilegs úthalds. Á sama tíma er einleikshlutverkið oft óvenjulegt miðað við rómantíska konserta – píanóleikarinn er ekki alltaf í forgrunni hér, heldur leikur inn í hljómsveitarvefnadinn svo stundum er verkið eins og sinfónía með píanói.“

Karلاكórinn Fóstbræður syngur með í lokakafla verksins á tónleikunum í Eldborg, og það er gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis sem heldur um tónsprotann. Texti karلاكórsins er úr ljóðadrama danska skáldsins Adams Oehlenschläger um ævintýri Aladdíns, nokkuð sem ber vitni um hinn víðfeðma menningaráhuga tónskáldsins. „Það sem lýsir kannski verkinu betur en ég er fær um er myndin framan á prentuðu útgáfunni, þar sem sýn tónskáldsins á verkið réði för. Þar eru hof, síprustré og framandi fuglar – og Vesúvíus gýs í baksýn. Það er ekki oft sem tækifæri gefst til að flytja verkið, vegna þess hve það er umfangsmikið, svo ég er himinsæll að fá að flytja það, bæði í Reykjavík, Berlín og víðar í tengslum við ártíð þessa mikla meistara,“ segir Benjamin Grosvenor að lokum.

ELDBORG

Grosvenor leikur Busoni

Árið 2024 eru hundrað ár liðin frá andláti eins mesta píanóleikara sögunnar, hins ítalska Ferruccio Busoni, en auk þess að vera óviðjafnanlegur einleikari var Busoni frábært tónskáld og hljómsveitarstjóri. Í dag þekkja hann margir einna helst af ægifygnum umritunum á hljómborðsverkum Johanns Sebastians Bach. En tónsmíðar hans sjálfs búa ekki síður yfir mikilli snilld og þótti mörgum hann ná að sameina í tónlist sinni áhrif andstæðra póla 19. aldarinnar – frá Brahms annars vegar og frá Liszt og Wagner hins vegar. Píanókonsert hans er eitt stórbrotnasta og umfangsmesta verk sinnar tegundar í sögunni og ögrar lögmálum formsins á ýmsan hátt. Það er því einstaklega ánægjulegt að einn fremsti píanóleikari samtímans, hinn breski Benjamin Grosvenor, leiki það í Eldborg með Sinfóníuhljómsveit Íslands og karlakórnum Fóstbræðrum, en þátttaka karlakórsins er einmitt meðal þess sem veitir konsertinum sérstöðu. Á undan þessum stærsta píanókonserti sögunnar hljómar hið samþjappaða meistara- verk Prokofíevs, Klassíska sinfónían, sem endurómar fagurfræði 18. aldar og gefur hvergi eftir í hugmyndaauðgi og snilldarlegu handbragði þrátt fyrir að vera aðeins um stund- arfjórðungur að lengd.

Sergej Prokofíev
Klassíska sinfónían

Ferruccio Busoni
Píanókonsert

Kornilios Michailidis
Hljómsveitarstjóri

Benjamin Grosvenor
einleikari

Karlakórinn Fóstbræður

Árni Harðarson
kórstjóri



ELDBORG

Mendelssohn og Beethoven

Ísraelski fiðluleikarinn Vadim Gluzman er meðal fremstu fiðluleikara samtímans og þekktur fyrir að blása nýjum lífsanda í verk frá gullöld fiðlubókmenntanna á 19. og 20. öld. Á þessum tónleikum leikur hann hinn sívinsæla fiðlukonsert Mendelssohns í e-moll, þann síðasta sem Mendelssohn lauk við á sinni skömmu ævi. Sinfónía Beethovens nr. 8 er ein af hans fjörmestu tónsmíðum, full af gleði og gáska, og taldi Beethoven sjálfur hana meðal sinna bestu verka. Til viðbótar við þessi þýsku öndvegisverk frá 19. öld hljóma á tónleikunum tvö bandarísk verk af nýstárlegri toga. Sinfónía nr. 3 eftir Charles Ives var samin 1904 en lá í skúffu tónskáldsins, sem starfaði sem virðulegur tryggingasölumaður í dagvinnu, í ríflega 40 ár áður en hún var frumflutt. Þannig var það reyndar með mörg af framsæknustu verkum hans, enda voru þau á margan hátt á undan sinni samtíð. Í *Sinfóníu nr. 3* enduróma minningar Ives um guðspjónustur sem hann sótti í æsku og fléttast þar saman gömul sálmalög svo úr verður heillandi óreiða. Caroline Shaw hlaut Pulitzer-verðlaunin í tónlist 2013, aðeins þrítug að aldri, yngst í 70 ára sögu verðlaunanna. Verkið sem hér hljómar er millispil fyrir strengjasveit, innblásið af menúetti eftir Haydn og kallast skemmtilega á við hefð Vínarklassíkurinnar.

Charles Ives
Sinfónía nr. 3

Felix Mendelssohn
Fiðlukonsert í e-moll

Caroline Shaw
Entr'acte

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 8

Ludovic Morlot
Hljómsveitarstjóri

Vadim Gluzman
einleikari



Dimmalimm og Svanavatnið

LITLI TÓNSPROTINN

Listmálarinn Muggur, Guðmundur Thorsteinsson, samdi ævintýrið um Dimmalimm handa lítilli frænku sinni þegar hann var á siglingu í Miðjarðarhafinu. Ævintýrið er meðal helstu gersema listmálarans sem málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta í tónleikasal. Tónlist Atla Heimis Sveinssonar við verkið skipaði sér strax í flokk helstu djásna íslenskra tónverka og verður flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, kórstúlkum úr Graduale-kór Langholtskirkju og dönsurum úr Listdanskóla Íslands. Dimmalimm er fylgt úr hlaði með völdum þáttum úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj. Þessum sannkölluðu ævintýratónleikum lýkur á fjöldsöng með Kvæðinu um fuglana. Kynnir og sögumaður er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur. Á undan tónleikunum leikur Langspilssveit Flóaskóla með álftafjöðrum á langspil í Hörpuhorni.

Atli Heimir Sveinsson
Dimmalimm

Pjotr Tsjajkovskíj
Úr Svanavatninu

Atli Heimir Sveinsson
Kvæðið um fuglana

Ross Jamie Collins
Hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara
kynnir og sögumaður

Gradualekór
Langholtskirkju

Listdanskóli Íslands



22.02

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Nielsen og Schumann

Carl Nielsen hafði háleit markmið þegar hann hóf að semja sinn dramatíska *Fiðlukonsert* sumarið 1911. „Þetta verður að vera góð tónlist en þó má aldrei missa sjónar á einleiks- hljóðfærinu sem þarf að sýna í besta hugsanlega ljósi. Verkið þarf að vera innihaldsríkt en þó ná vinsældum almennings, það þarf að vera glæsilegt án þess að verða yfirborðskennt. Allar þessar þversagnir þarf að leiða til lykta í æðri sam- hljómi.“ Það reyndist Nielsen ekki þrautalaust að ná þessum markmiðum en tókst að lokum og fiðlukonsertinn reyndist bæði áhrifamikill og frumlegur í formi. Á þessum tónleikum hljómar þetta hrifandi verk í túlkun Veru Panitch, annars konsertmeistara hljómsveitarinnar. Þriðja sinfónía Schumanns er sannkallað meistaraverk, innblásið af fegurð Rínar- landa og samið á aðeins fimm vikum, skömmu eftir að tón- skáldið flutti með fjölskyldu sína til Düsseldorf. Í verkinu takast á frjó nýsköpun og formræn fastheldni en undir öllu krauma heitar tilfinningar. Tónleikarnir hefjast á æsilegri þjóðlagafantasíu György Ligeti fyrir hljómsveit, *Concert Românesc*, þar sem fjórleg alþýðutónlist úr uppvaxtarhér- aði tónskáldsins, Transylvaníu, fær nýja vængi í útsetningu fyrir heila sinfóníuhljómsveit.

György Ligeti
Concert Românesc

Carl Nielsen
Fiðlukonsert

Robert Schumann
Sinfónía nr. 3

Leo McFall
hljómsveitarstjóri

Vera Panitch
einleikari



Mikilvægt samtal við hljómsveitina

VERA PANITCH SEGIR FRÁ FIÐLUKONSERTI CARLS NIELSENS

Vera Panitch er 2. konsertmeistari Sinfóníuhljóm-
sveitar Íslands en bregður sér í hlutverk einleikarans
22. febrúar næstkomandi og leikur hinn magnþrungna
fiðlukonsert danska tónskáldsins Carls Nielsen.

Hún segir verkið bæði hrífandi og ögrandi.



Vera Panitch fæddist í Kaupmannahöfn og hóf nám við Konunglega tónlistarháskólann þar í borg einungis 15 ára gömul. Eftir að hafa lokið prófum þaðan lá leiðin meðal annars til Bandaríkjanna þar sem hún sótti einkatíma. Vera kom til Íslands árið 2016 og tók við starfi 2. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands 23 ára að aldri, en hún hafði áður leikið með til að mynda Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar, Dönsku útvarpshljómsveitinni og Dönsku kammersveitinni. Þá hefur Vera borið sigur úr bítum í alþjóðlegum fiðlukeppnum og hefur komið víða fram sem einleikari. Hún hlakkar þannig mikið til að takast á við fiðlukonsert Carls Nielsen með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn breska hljómsveitarstjórans Leo Mcfall. Við byrjuðum á að spyrja hana hvort konsertinn, sem er ein af höfuðsmíðum fiðlutónbókmenntanna á 20. öld, hafi fylgt henni lengi.

UNDIRBÚNINGURINN TEKUR MÖRG ÁR

„Já, við getum sagt það. Ég lærði hann áður en ég hóf nám í Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn og ég spilaði fyrsta kaflann úr konsertinum með hljómsveit þegar ég var 16 ára í Óðinsvéum, en þetta var fyrsti stóri konsertinn minn sem einleikari með hljómsveit,“ segir Vera sem bætir við að í vetur leiki hún konsertinn í heild sinni í fyrsta skipti með hljómsveit, fyrst í Búlgaríu og svo í Hörpu. En hvernig hefur Vera háttað undirbúningi sínum fyrir það að leika konsertinn? „Það hjálpar auðvitað að ég lék hann allan í Konunglega tónlistarháskólanum og þá lék ég hann til að mynda með strengjasveit sem skipuð var nemendum en ég var konsertmeistari hennar. Ég bý að þeirri reynslu, enda er þetta mjög erfitt verk að flytja,“ segir Vera og tekur fram að

undirbúningur fyrir svona konsert hefjist ekki tveimur dögum fyrir flutninginn; hann taki marga mánuði og jafnvel ár. „Maður þarf helst að læra verkið, renna því í gegn með píanói og leyfa því svo að hvíla í einhvern tíma en taka það svo upp aftur,“ segir Vera sem segist þannig undirbúa sig sem best.

DRÓ EIGINMANNINN TIL ÍSLANDS

Þótt æfingarnar taki á nýtur Vera skilnings heima við – enda er eiginmaður hennar, Páll Palomares, leiðari annarrar fiðlu við Sinfóníuhljómsveit Íslands. „Við kynntumst í Danmörku – ég var að vinna í Kaupmannahöfn og hann í Randers. Ferðalögin á milli voru farin að verða svolítið þreytandi,“ segir Vera. „Þegar auglýst var prufuspil fyrir tvær fiðlustöður á Íslandi fannst mér upplagt að við tækjum þátt í því, enda hafði ég aldrei komið til Íslands,“ segir Vera og bætir við að hún hafi hálfvegis þurft að draga Pál í prufuspilið, því hann hefði ekki hugsað sér að flytja heim strax. „Þegar kom í ljós að við höfðum bæði unnið var bara eins og þessi ákvörðun hefði verið tekin fyrir okkur,“ segir Vera. Þau Páll eiga nú fjögurra ára tvíbura sem auka enn á lífið og fjörið á þessu músíkalska heimili.

EINLEIKARINN LEGGUR Á DÝPIÐ

Fiðlukonsert Nielsen er formlega séð í tveimur þáttum en báðir þættirnir hefjast á nokkurs konar prelúdíu þannig að kannski má lýsa því best sem verki í fjórum ólíkum köflum. „Þó svo að konsertinn eins og Nielsen skrifaði hann sé í tveimur þáttum er hann að mörgu leyti líkur því sem hljómar í hinum hefðbundna konsertstíl og fjórir hlutar hans

eru býsna ólíkir; svo eru tvær kadensur í verkinu sem minnir þannig um margt á hefðbundinn fiðlukonsert,“ segir Vera og segir að notkun tónskáldsins á tónbilum minni til að mynda pínulítið á Stravinskíj og Shostakovitsj fremur en til dæmis Beethoven. „Ég myndi líka segja að verkið sé tæknilega erfitt og krefjandi og sé þannig á pari við Brahms ef ekki erfiðara,“ segir Vera og hlær. En er eitthvað sérstaklega danskt við þetta verk? „Ég myndi ekki beint segja það, enda notar tónskáldið til að mynda spænskt element í konsertinum og er að mörgu leyti leitandi,“ bætir Vera við.

En getur Vera útskýrt muninn á því að leika annars vegar í hljómsveit og svo hins vegar sem einleikari? „Hljómsveit er að mörgu leyti eins og að spila í landsliði í fótbolta, allir eru jafn mikilvægir svo að allt gangi upp en einleikshlutverkið er kannski meira eins og einstaklingsíþrótt þar sem þú ert bara einn og berð í raun og veru alla ábyrgðina. En hafandi sagt þetta þá er auðvitað einleikskonsert mikilvægt samtal einleikara við hljómsveitina og það er gríðarlega mikilvægt fyrir einleikarann að hlusta á hljómsveitina og það sem hún er að gera,“ segir Vera. Hún bendir á að oft séu konsertar þannig upp byggðir að hljómsveitin leiki eitthvert stef sem einleikarinn svo svari þannig að samvinnan er lyklatríði. „Sérstaklega í Nielsen-konsertinum er gríðarlega mikið samtal í gangi,“ segir Vera og bendir að lokum á að spilaform einleikarans og hljómsveitarpilara sé líka ólíkt. Hljómsveitin leiki ný verk í hverri viku og keyrslan sé mikil en einleikari undirbúi sig í miklu lengri tíma og kafi oftast miklu dýpra. „En þetta er auðvitað allt samvinna og hún er lykillinn að góðum flutningi,“ segir Vera að lokum.

Hljómsveitarstjóra- akademía

OPNIR HÁDEGISTÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur nú í fjórða sinn námskeið í hljómsveitarstjórn undir stjórn og leiðsögn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníunnar. Í Hljómsveitarstjóraakademíunni fær ungt og efnilegt tónlistarfólk tækifæri til þess að spreyta sig á stjórnendapallinum og stjórna heilli sinfóníuhljómsveit undir handleiðslu Evu. Akademían er fyrst og fremst vettvangur nemenda sem lokið hafa miðprófi hið minnsta í hljóðfæraleik eða söng. Völdum nemendum gefst svo tækifæri til að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á hádegistónleikum í lok námskeiðs.

Gestir eru velkomnir á viðburðinn og geta fylgst með þessum ungu og efnilegu stjórnendum stíga sín fyrstu skref á pallinum.

Aðgangur er ókeypis og öll velkomin.



ELDBORG

Kozhukhin leikur Brahms

Franz Schubert
Sinfónía nr. 3**Hafliði Hallgrímsson**
Fjórar hljómsveitarmyndir**Johannes Brahms**
Píanókonsert nr. 1**Eva Ollikainen**
hljómsveitarstjóri**Denis Kozhukhin**
einleikari

Rússneski píanóleikarinn Denis Kozhukhin er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur en flutningur hans á öðrum píanókonserti Prokofiev með sveitinni í febrúar 2019 var að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins „einhver mesta flugeldasýning sem maður hefur upplifað í Eldborginni í Hörpu“. Kozhukhin þurfti að hverfa frá fyrirhuguðum tónleikum sínum á meðan á heimsfaraldrinum stóð og er því sérlega ánægjulegt að bjóða hann velkominn á svið Eldborgar á ný, nú til þess að leika hinn stórbrotna fyrri píanókonsert Johannesar Brahms. Konsertinn er geysistór í sniðum og innblásinn af sterkum tilfinningum hins unga Brahms í garð hjónanna Clöru og Roberts Schumann, en Robert lést á meðan verkið var í smíðum. Hafliði Hallgrímsson hefur verið í fremstu röð íslenskra tónskálda um áratugabil og á að baki fjölbreyttan og glæsilegan feril, bæði sem tónskáld og sem sellóleikari. Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir tónlist sína, til að mynda Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1986 fyrir fiðlukonsertinn *Poemi*. Það er sérstakt gleðiefni að geta frumflutt nýtt hljómsveitarverk eftir Hafliða, sem fagnaði átttræðisafmæli haustið 2021. Tónleikarnir hefjast á hinni fjörmiklu þriðju sífóníu Schuberts, verki sem tónskáldið samdi átján ára gamall á tímabili ótrúlegrar sköpunargleði.



ELDBORG

Mozart og Bruckner

PÁSKATÓNLEIKAR

Píanókoncert Mozarts í d-moll K466 er einn af áhrifamestu píanókonserterum tónskáldsins, djúphugul og dramatísk tónsmíð sem var í sérstöku eftirlæti hjá rómantísku kynslóðinni sem á eftir kom. Spænski píanóleikarinn Javier Perianes býr yfir „einstakri samsetningu af hógværd og algerri snilld“ (Sunday Times) og hefur hlotið frábæra dóma fyrir næma og tæknilega óaðfínanlega túlkun sína á verkum Mozarts. Níunda og síðasta símfónía Bruckner er sömuleiðis óvenjulega persónuleg og leit tónskáldið á hana sem rökréttan endapunktur ævistarfs síns. Hann tileinkaði verkið Drottni sjálfum en trúin var tónskáldinu ætíð nálæg og hafa margir lýst hinum magnþrungnu símfóníum hans sem íburðarmiklum dómkirkjum úr tónum. Trú hans á sjálfum sér var hins vegar einkar brothætt og eyddi hann dýrmætum árum í endurskrif og leiðréttingar fyrri verka á meðan níunda símfónían beið. Þegar hann komst loks af stað sóttist verkið hratt og örugglega, en þverrandi heilsa kom í veg fyrir að hann gæti fullklárað fjórða og síðasta þáttinn. Eftir andlát Bruckner tóku aðrir til við að fullklára verkið og gera breytingar á fyrri þáttum þess. Hér hljómar símfónían eins og Bruckner gekk sjálfur frá henni, í þremur heildstæðum og áhrifamiklum þáttum.

Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókoncert í d-moll
K466

Anton Bruckner
Símfónía nr. 9

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Javier Perianes
einleikari



Barbara Hannigan og Mannsröddin

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg til þess að flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á Mannsröddinni, óperueinleik Francis Poulenc, með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einþáttungur Poulenc er byggður á leikriti Jean Cocteau og hverfist um síðasta símtal konu við elskhuga sinn eftir að hann hefur slitið sambandi þeirra til fimm ára. Á þessum einstaka listviðburði syngur Hannigan og stjórnar hljómsveitinni, auk þess sem myndbandsupptöku af hreyfingum hennar og svipbrigðum er varpað upp á tjald svo úr verður mikið sjónarspil. Auk Mannsraddarinnar stjórnar Barbara Hannigan hinsta tónaljóði Richards Strauss *Metamorphosen* sem tónskáldið samdi í lok síðari heimsstyrjaldar þegar ferill hans – rétt eins og menningarlíf álfunnar allrar – var rústir einar. Verkið er fyrir 23 manna strengjasveit, þrungið djúpum harmi og eftirsjá.

Barbara Hannigan hefur vakið feikilega aðdáun um heim allan undanfarin ár fyrir stórfenglegan söng en ekki síður fyrir hæfileika sína sem hljómsveitarstjóri. Hún hefur starfað með öllum helstu hljómsveitum heims, frumflutt yfir 85 ný tónverk og sungið í helstu óperuhúsum heims.

Barbara Hannigan kom fyrst fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2021 og sneri hún aftur strax vorið eftir. Hannigan hefur hlotið ótal verðlaun fyrir list sína, meðal annars Grammy-verðlaun fyrir plötuna *Crazy Girl Crazy* árið 2018 og hin virtu Léonie Sonning-verðlaun árið 2020. Þegar Rolf Schock-verðlaunin féllu henni í skaut rökstuddi dómnefndin ákvörðun sína með þeim orðum að Hannigan væri „einstakur og framsækinn flytjandi sem nálgast tónlistina sem hún flytur með öflugum og lífandi hætti“.

Richard Strauss
Metamorphosen

Francis Poulenc
La voix humaine
(Mannsröddin)

Barbara Hannigan
hljómsveitarstjóri
og einsöngvari



Tónlistin talar sitt eigið tungumál

ARGUNNUR ÁRNADÓTTIR SEGIR FRÁ VERKUM MESSIAEN OG DEBUSSY

Argunnur Árnadóttir er leiðandi klarínetteikari Sinfóníuhljóm-
sveitar Íslands en kemur fram sem einleikari á tónleikum Sin-
fóníunnar í Grænu tónleikaröðinni þann 22. apríl næstkomandi,
þar sem hún fléttar saman tveimur spennandi einleiksverkum
eftir Olivier Messiaen og Claude Debussy. Hún segir tónskáldin
tvö sýna fram á ótrúlega breidd og möguleika hljóðfærisins.



Arngunnur tók við stöðu leiðandi klarínattleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands aðeins 25 ára gömul árið 2012 eftir að hafa numið bæði hér heima og í Berlín. Hún hefur áður leikið einleik með hljómsveitinni og hefur flutningur hennar á klarínnett-konserti Mozarts frá árinu 2015 vakið bæði hrifningu og gífurlegar vinsældir á YouTube-rás Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem yfir 18 milljónir hafa horft og hlustað. Næsta verkefni Arngunnar með hljómsveitinni er óvenjulegt því hún hefur kosið að flétta saman tvær ólíkar tónsmíðar fyrir einleiksklarínnett – *Hyldýpi fuglanna* úr *Kvartetti um Endalok tímans* eftir Olivier Messiaen og *Première Rhapsodie* eftir Claude Debussy.

MIKIL DÝNAMÍSK BREIDD

„Mig hefur lengi langað að spila *Première Rhapsodie* eftir Claude Debussy með hljómsveitinni, enda eitt lykilverka í tónbókmenntunum fyrir klarínattleikara“, segir Arngunnur en bendir um leið á að verkið sé hins vegar frekar stutt og því hugði hún á að raða því saman með einhverju öðru verki. Eftir að hafa hugsað málið vel datt hún að lokum niður á einleikspáttinn *Hyldýpi fuglanna* úr *Kvartetti um endalok tímans* eftir Olivier Messiaen. Kvartettinn er kammerverk en hinn hrífandi einleikspáttur fyrir klarínnett er oft fluttur einn og sér. „Verkin eru bæði krefjandi á sinn hátt,“ segir Arngunnur sem bendir á að dýnamískt sé fari Messiaen til að mynda að ytri mörkum þess sem hægt er að gera á hljóðfærið; fari þannig úr *pianíssissimo* (ppp) upp í fjórfalt *forte* en dýnamísk breidd er einmitt lýsandi fyrir klarínnettið, segir Arngunnur, ekki síst hversu veikt það getur hljómað. Arngunnur hefur leikið bæði verkin áður, en hún lék verk Debussys liðlega tvítug með Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir að hafa borið sigur úr bítum í keppninni *Ungir einleikarar*. Samsetningin er hins

vegar óvenjuleg á tónleikum, ekki síst vegna þess að sérstæður og djúphugull kafli Messiaens er leikinn án undirleiks en hljómsveitin tekur svo undir í leiftrandi litadýrd Debussys.

TÓNLISTIN Á ALLAN LÍKAMANN

Arngunnur er þó ekki óvön því að fara ótroðnar slóðir, enda er hún til að mynda starfandi rithöfundur meðfram tónlistinni og hefur gefið út skáldsögu, örsögur og ljóð. Hvernig skyldi ganga að flétta saman þessar ólíku listgreinar – er hægt að segja að tónlistin eigi hug hennar allan? „Á meðan ég undirbý og spila tónleika á tónlistin hug minn allan, já,“ segir Arngunnur. „Það er erfitt að hafa það öðruvísi. Í raun má segja að þegar þannig stendur á eigi tónlistin bæði hug minn allan og líkama!“ segir Arngunnur og brosir. „En ég hef verið að veita því athygli undanfarið hve líkamlega krefjandi starf það er að leika á hljóðfæri og mögulega tekist að greiða úr ákveðnum flækjum hvað það varðar hjá sjálfri mér með jákvæðum árangri,“ segir Arngunnur. En skrifin eru þó ekki langt undan. „Ég er með verk í vinnslu á því sviði sem ég stefni á að gefa út þegar þar að kemur. Ég reyni að taka viku og viku í frí hér og þar til að skrifa og leitast við að finna gott jafnvægi milli listgreinanna tveggja. Sú leit mun kannski halda áfram að eilífu,“ segir Arngunnur.

FUGLASÖNGUR ÚR FANGABÚÐUM

Verkin tvö, *Première Rhapsodie* og *Hyldýpi fuglanna*, eiga sér mjög ólíka tilurð. Þannig samdi Debussy verk sitt fyrir árlegt próf í klarínattleik við Konservatorið í París, fyrst fyrir klarínnett og píanó en síðar útsetti tónskáldið verkið fyrir hljómsveit. *Kvartetti um endalok tímans* var aftur á móti saminn á meðan Messiaen sat sem stríðsfangi í fangabúðum nasista og var

frumfluttur við afar bágbornar aðstæður í búðunum. „Mér fannst vel hægt að tengja þessi verk saman og hefja þau yfir það ólíka samhengi sem þau koma úr en þau eiga það sameiginlegt að vera frábærar franskar tónsmíðar sem eru einstaklega vel skrifaðar fyrir hljóðfærið,“ segir Arngunnur og bætir við: „Enda talar tónlistin alltaf að einhverju leyti sitt eigið tungumál.“

Arngunnur bendir líka á að *Kvartetti um endalok tímans* sé mjög trúarlegt verk – eins og raunar flest verka Messiaens eru – en það er innblásið af texta úr Opinberunarbókinni. Þá má einnig nefna að einleikskafinn er innblásinn af hljóðum fuglanna, eins og heiti hans gefur til kynna. „Messiaen var einmitt mjög upptekinn af fuglasöng og kynnti sér vel hljóðheim fugla,“ bætir Arngunnur við og bendir á að hljóðfærið líki eftir fuglasöng í þessum einleikskafli.

EINLEIKARI Í MEIRI NÁLÆGD VIÐ ÁHEYRENDUR

En hvernig er undirbúningi Arngunnar fyrir þessa tónleika háttað? „Undirbúningurinn felst aðallega í því að dvelja með verkunum og setja sig inn í anda þeirra og svo ekki síst að undirbúa sig fyrir þetta ólíka hlutverk, það er að segja að standa fyrir framan hljómsveitina.“ En felst ekki einmitt mikill munur í því að leika í hljómsveitinni og svo að standa fyrir framan hana sem einleikari? „Jú, það er vissulega áskorun. Sem blásaraleiðari er maður mjög oft í einleikshlutverki innan hljómsveitarinnar en sem einleikari er maður enn berskjaldaðri og meira í sviðsljósinu, auk þess sem nálægðin við áheyrendur er meiri,“ segir Arngunnur sem bætir við að það sé bæði skemmtilegt og hollt að takast á við þessa áskorun.

11.-13.04

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:00

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:00

LAUGARDAGUR
Kl. 14:00

ELDBORG

Harry Potter og fanginn frá Azkaban™

IN CONCERT

Kvikmyndin Harry Potter og fanginn frá Azkaban™ er þriðja myndin í röðinni um galdrapiltinn frækna og féлага hans, Ron Weasley og Hermione Granger, og háskaleg ævintýri þeirra. Myndin naut gríðarlegra vinsælda þegar hún var frumsýnd árið 2004 en þegar hér er komið sögu er galdradrengrinn Harry Potter á þriðja ári í Hogwarts™-skóla. Æsileg atburðarás fer af stað þegar hann byrjar að grafast fyrir um fortíðina og rannsaka hvaða tengsl foreldrar hans, sem létust með voveiflegum hætti þegar hann var barn, höfðu við stroku-fangann Sirius Black.

Það eru sem fyrr þau Daniel Radcliffe, Rupert Grint og Emma Watson sem fara með hlutverk þríeykisins á eftirminnilegan hátt. Tónlistin í myndinni er eftir John Williams og er óhætt að segja að hún leiki stórt hlutverk, en kvikmyndin var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir bestu frumsömdu tónlistina. Þannig notar Williams leiðarstef til þess að lýsa persónum og draga fram andrúmsloft ákveðinna staða. Harry Potter og fanginn frá Azkaban™ er eitt dádasta ævintýri síðari ára sem verður ljóslifandi á kvikmyndatjaldinu með lifandi tónlistarflutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Alfonso Cuarón
leikstjóri

John Williams
tónlist

Timothy Henty
hljómsveitarstjóri

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Kvikmyndin er sýnd með íslenskum texta.
Mælt er með myndinni fyrir 8 ára og eldri.

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s23)

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter
AND THE PRISONER
OF AZKABAN
IN CONCERT

11.-13. APRÍL, 2024
HARPA • REYKJAVÍK
Conducted by Timothy Henty
LocalTicketWebsite.com • HarryPotterInConcert.com

WIZARDING WORLD
PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES
BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s23)

ELDBORG

Eva og Arngunnur

Júpíter-sinfónían er síðasta og viðamesta sinfónía Wolfgangs Amadeusar Mozart og að margra dómi ekki aðeins besta sinfónía hans, heldur alls klassíska tímabilsins. Hún er upphafsverkið á þessum fjölbreyttu og óvenjulegu tónleikum þar sem Eva Ollikainen aðalhljósveitarstjóri heldur um tónsprotann. Einleikari á tónleikunum er Arngunnur Árnadóttir, leiðandi klarínattleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hún hefur áður komið fram með sveitinni sem einleikari og skrifaði gagnrýnandi Fréttablaðsins um túlkun hennar á klarínettkonserti Mozarts 2015: „Með því fegursta sem ég hef lengi heyrt [...] þetta var dásamlegur flutningur.“ Nú bræðir Arngunnur saman tvö ólík en áhrifamikil frönsk verk fyrir hljóðfærið. Fyrst hljómar *Hylðýpi fuglanna* úr *Kvartett um endalok tímans* eftir Olivier Messiaen, verk sem var samið og frumflutt meðan tónskáldið var stríðsfangi í fangabúðum nasista. Einleikskafllinn er án meðleiks, eins konar eintal sálarinnar þar sem ljós og skuggar mætast. Í beinu framhaldi leikur Arngunnur *Première Rhapsodie* eftir Claude Debussy fyrir klarínett og hljósveit, litríkt glæsiverk sem gerir ómældar kröfur til einleikarans. Síðasta verkið á efnisskránni er *Dauði og uppljómun* eftir Richard Strauss, heimspekilegt tónaljóð sem kannar ráðgátuna um hvað biður handan þessa lífs.



Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 41

Olivier Messiaen
Abîme des oiseaux

Claude Debussy
Première Rhapsodie

Richard Strauss
Tod und Verklärung
(Dauði og uppljómun)

Eva Ollikainen
hljósveitarstjóri

Arngunnur Árnadóttir
einleikari

Ungir einleikarar

Framtíð tónlistarlífs á Íslandi hvílir á herðum þeirra ungu hljóðfæraleikara og söngvara sem um þessar mundir taka sín fyrstu skref á stóra sviðinu. Það er sérstakt tilhlökkunar-efni þegar framúrskarandi ungmenni stíga fram sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og njóta árangursprotlausrar vinnu. Í salnum sitja fjölskylda og vinir sem hafa fylgst með tónlistarnáminu um margra ára skeið og fagnaðarlætin í Eldborg eru aldrei einlægari en á þessum skemmtilegu og spennandi tónleikum.

Einleikarar á tónleikunum verða valdir í samkeppni sem haldin er árlega í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Í ár má með sanni segja að listamennirnir ungu séu í góðum höndum því það er finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari sem heldur um tónsprotann. Hann var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvívegis, á árunum 1988 til 1993 og aftur frá 1996 til 1998 og hefur í yfir 35 ár verið einn af helstu samstarfsmönnum hljómsveitarinnar.

**Sigurvegarar úr
einleikarakeppni
SÍ og LHÍ**

Petri Sakari
hljómsveitarstjóri



Eldfuglinn

LITLI TÓNSPROTINN

Í heillandi ævintýrinu um Eldfuglinn segir frá Ívani prins, sem er hugrakkur með eindæmum, og risastórum fugli sem logar í alls konar rauðum og gulum litum rétt eins og sólin sjálf hafi tekið sér bólfestu í fjöðrum hans. Þetta er Eldfuglinn, eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af. Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Halldóra Geirharðsdóttir tónleikagestum frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu og gulleplunum. Myndum teiknarans Ara Yates, sem sýna Eldfuglinn dansa og svífa á milli greina töfratrjáanna, verður varpað upp meðan á flutningi stendur.

Skapandi grímugerð stendur fuglavinum á öllum aldri til boða fyrir tónleikana í Hörpuhorni.

Ígor Stravinskíj
Úr Eldfuglinum

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Halldóra Geirharðsdóttir
sögumaður

Ari Hlynur Guðmundsson Yates
myndir



Að opna heim tónlistarinnar

**HJÖRDÍS ÁSTRÁÐSDÓTTIR TEKIN TALI
UM STARF FRÆÐSLUDEILDAR
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS**

Sinfóníuhljómsveit Íslands rekur öflugt og metnaðarfullt fræðslustarf sem hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi hennar frá upphafi. Starfið felur meðal annars í sér tónleika Litla tónsprotans, fjölskyldutónleika sem haldnir eru í Eldborg, auk árlegra jólatónleika og léttra og skemmtilegra Barnastunda sem haldnar eru í Flóa tvisvar á hverju starfsári. En fræðsludeildin stendur fyrir margvíslegu öðru starfi og teygir sig til fjölmargra hópa, til dæmis með heimsóknnum í skóla, á sjúkrahús og dvalarheimili.



„Það er frá svo mörgu að segja, enda komum við víða við og vitanlega af mörgu að taka,“ segir Hjördís. „Við erum auðvitað með Litla tónsprotann sem nýtur mikilla vinsælda en svo má einnig nefna Barnastundirnar sem margoft hafa sprengt af sér húsnæðið sökum aðsóknar. Einstakar Barnastundir, þar sem nemendur koma og njóta tónlistar í umvefjandi umhverfi, er verkefni sem unnið er í samtali við Félag heyrnarlausra, Blindrafélagið, Klettaskóla, Arnarskóla og fleiri. Þar er börnum sem eiga erfitt með að sækja hefðbundna skólatónleika gert kleift að njóta tónlistar í einstöku umhverfi sem er sniðið að þeirra þörfum. Svo komum við líka að tónleikakynningum ásamt Vínafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, bjóðum nemendum í heim-sóknir til okkar og sækjum þá líka heim en stærsta verkefni vetrarins nú er auðvitað Ungsveitin og hljómsveitarnám-skeiðið sem er skipulagt í kringum hana.“

Segja má að eitt mikilvægasta hlutverk sinfóníuhljómsveita um heim allan sé einmitt að miðla þekkingu sinni og áhuga til ungra hljóðfæraleikara. Ungsveitin var stofnuð árið 2009 og hafa aldrei jafnmörg ungmenni tekið þátt í starfi sveitarinnar og nú; þau eru 100 talsins og Hjördís segir að aldrei hafi fleiri umsóknir borist um þátttöku á Ungsveitarnámskeiði SÍ, en þátttakendur eru valdir með þrjú spili, rétt eins og í atvinnumannahljómsveitum. Eliza Reid forsetafrú tók við stöðu verndara Ungsveitarinnar á tíu ára afmæli sveitarinnar árið 2019 en Hjördís bætir við: „Við stofnuðum líka sérstakt listráð þar sem nemendur hafa sína rödd og þeir koma þannig beint að til að mynda efnisvali og mér hefur þótt einstaklega vænt um að funda með ungmennunum í Ungsveitinni.“ Þannig hafi listráðið skerpt sýnina á starf ungmennanna, enda er Sinfóníuhljómsveit Íslands meðal annars að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfi sínu og vinnur hljómsveitin þannig mjög markvisst með börnum.

„Nemendur hafa sína rödd og koma beint að efnisvali“

ÁLFAR, DRAUGAR OG TRÖLL

Unga fólk er kröfuharður áheyrendahópur og því þarf sífellt að fá nýja hugmyndir að dagskrá sem hrífur, skemmtir og menntar – ekki síst þegar skólatónleikarnir eru annars vegar. Nýjasta hugarsmíð Hjördísar er verkefni sem eflaust á eftir að höfða til margra. „Við erum að fara af stað með mjög metnaðarfullt samstarfsverkefni með Listasafni Íslands sem mig hefur dreymt um í mörg ár að yrði að veruleika.“ Verkefnið snýst um þjóðsagnaarfinn og það myndefni, meðal annars eftir Ásgrím Jónsson, sem Listasafnið á en það verður hluti af heildarupplifun tónleikagesta. „Við erum að vinna þetta í nánú samstarfi og inn í þetta verkefni fléttast ríkulega myndskreyttar þjóðsögur sem eiga líka til að mynda tengingar við ákveðin tónverk.“ Þar að auki nefnir Hjördís að blásið hafi verið til samstarfs við kynjafræðing sem og þjóðsagnafræðing, svo valið á sögunum megi heppnast sem best. Það verða tekin fyrir þrjú þemu, álfar, draugar og tröll og er um að ræða stærsta skólatónleika-verkefni vetrarins en það mun standa miðstigi og unglingsstigi til boða á starfsárinu. Hjördís bætir við að framhald verði á verkefninu á næstu starfsárum og þá verði það lagað að þörfum yngstu krakkanna.



UNGIR EINLEIKARAR OG STJÓRNENDUR MEÐ SINFÓ

Meðal þess sem fellur undir fræðslustarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands er Hljómsveitarstjóra-akademían sem stofnuð var árið 2020 en þar fá ungir og efnilegir stjórnendur tækifæri til að stjórna hljómsveitinni undir handleiðslu og leiðsögn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá má einnig nefna að á hverju ári heldur Sinfóníuhljómsveitin í samstarfi við Listaháskóla Íslands einleikarakeppni sem er opin öllum tónlistarnemum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja. Dómnefnd er skipuð listafólki úr fremstu röð og þeir sem eru hlutskarpastir í þeirri keppni fá að leika einleik með Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikum í maí undir yfirskriftinni Ungir einleikarar.

Það er greinilegt að fræðslustarfið er blómlegt, enda nefnir Hjördís mikilvægi þess að hlúa að sem flestum hópum samfélagsins: „Hér og nú er eiginleg yfirskrift fræðslustarfsins, við gerum vel í dag fyrir sem breiðastan hóp hlustenda sem stuðlar auðvitað að andlegri vellíðan, þekkingu og aðgengi. Verum samferða, verum velkomin og njótum saman.“

Arnheiður syngur Grieg

Arnheiður Eiríksdóttir mezzósópran er fastráðin söngkona við Þjóðaróperuna í Prag og hefur að undanfögnu vakið mikla athygli fyrir frábæra túlkun og tæknilegt öryggi, bæði héraðs og erlendis. Þannig hrifust gagnýendur ytra mjög af frammistöðu hennar sem Oktavian í óperu Strauss Der Rosenkavalier í Prag á síðasta ári en íslenskir óperuunnendur fengu meðal annars að kynna henni í uppfærslu Íslensku óperunnar á Madama Butterfly eftir Puccini. Hér syngur hún nokkur af dádustu sönglögum Griegs þar sem hljóm-mikil rödd hennar og ástríða fær að njóta sín til fulls. Danski básúnuleikarinn Jesper Busk Sørensen er einn af fremstu básúnuleikurum álfunnar en hann hefur verið fastráðinn hjá Fílharmoníusveit Berlínar frá árinu 2009. Hér leikur hann glænýjan og spennandi konsert eftir eitt helsta samtímatón-skáld Danmerkur, Bo Holten, undir stjórn landa síns Thomas Søndergård, sem nýlega tók við sem aðalhljómveitarstjóri Sinfóníuhljómveitarinnar í Minnesota.

Lokaverk tónleikanna er sjötta sinfónía Sibeliusar. Hún er í senn innileg og ægífögur en tónskáldið vann að henni um langt árabil meðan fyrri heimsstyrjöldin skók Evrópu og lauk

ekki við hana fyrr en 1923. Sjálfur líkti Sibelius verkinu við hreint, kalt vatn en í verkinu mætast hrifning hans á tónlist miðalda og endurreisnar og frumleg tónhugsun sem varðaði leiðina til framtíðarinnar. Þessi þokkafulla og leyndardómsfulla sinfónía er glæsilegur lokahnykkur á tónleikum sem með sanni má kalla norræna veislu.

Edvard Grieg

Våren
Fra Monte Pincio úr
6 rómönsum
Jeg elsker dig úr Hjertets
melodier

Bo Holten

Básúnukonsert

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 6

Thomas Søndergård

hljómveitarstjóri

Arnheiður Eiríksdóttir

einsöngvari

Jesper Sørensen

einleikari



24.05

FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30

Tónleikakynning
Kl. 18:00

ELDBORG

Johan Dalene leikur Korngold

Samuel Barber
School for Scandal,
forleikur

Erich Wolfgang Korngold
Fiðlukonsert

Béla Bartók
Konsert fyrir hljómsveit

Roderick Cox
hljómsveitarstjóri

Johan Dalene
einleikari

„Ein besta fiðlufrumraun áratugarins,“ sagði gagnrýnandi BBC Music Magazine um fyrsta geisladisk Johans Dalene, sænska fiðlusnillingins sem er aðeins 22 ára að aldri en hefur þegar lagt tónlistarheiminn að fótum sér. Nýlega valdi tónlistartímaritið Gramophone hann á lista tíu tónlistarmanna sem móta munu klassíska tónlist á 21. öldinni. Á þessum tónleikum leikur Dalene hinn glæsilega fiðlukonsert Korngolds, hrfandi verk sem sýnir allar bestu hliðar einleikarans. Korngold var í aðra röndina kvikmyndatónskáld og má segja að frásagnargáfa og litadýrð fiðlukonserts hans gefi hinum myndræna miðli ekkert eftir þegar kemur að því að örva ímyndunaraflíð. Konsert Bartóks fyrir hljómsveit er sömuleiðis innblásið verk sem reynir á hvern einasta hljóðfærleikara sveitarinnar og spannar allt frá tregablandinni angurværð til æsilegra danskafla. Upphafsvær tónleikanna býr einnig yfir hugmyndaauðgi og fjöri, en það er konsertforleikur Samuels Barber, saminn fyrir leikrit Richards Brinsley Sheridan, The School for Scandal. Barber samdi verkið meðan hann var enn við nám og hjálpaði það til við að koma tónskáldinu unga á kortið.



METAXIS

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

METAXIS er heitið á nýju verki Önnu Þorvaldsdóttur þar sem sem alrými sjálfrar Hörpu er í burðarhlutverki, en tónskáldið lýsir verkinu sem *innsetningu fyrir tvístraða hljómsveit, rafhljóð og rými*. Í METAXIS er hljómsveitinni skipt upp í nokkra misstóra hljóðfærahópa og koma þeir sér fyrir á mismunandi stöðum í hinu opna rými þessa margbrotna tónlistarhúss. Áheyrendum gefst einstakt tækifæri til að kanna tónlistina á virkan hátt út frá ólíkum sjónarhornum með því að ganga um og finna hvernig upplifun tónlistarinnar breytist við hvert fótmál. Þannig kemst hver og einn hlustandi í einstakt samband við grundvallaratriði tónlistar Önnu: Lagskiptingu hennar, flæði tónefnisins og enduróm rýmisins. Hljóðfæraleikararnir og rafhljóðin dreifast um ólíkar hæðir hússins og blandast með margvíslegum hætti, svo úr verður hrífandi hljóðheimur með margbrotna áferð. Verkið er um hálf tíma langt í flutningi og hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Frumflutningur METAXIS er hluti af opnunaráhátíð Listahátíðar í Reykjavík 2024 og samstarfsverkefni hátíðarinnar, Hörpu og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Anna Þorvaldsdóttir
METAXIS
(heimsfrumflutningur)

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri



Mahler nr. 3

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Þriðja símfónía Mahlers er heill heimur út af fyrir sig, eins og tónskáldið taldi reyndar að allar símfóníur ættu að vera. Hún er í senn óður til náttúrunnar og djúphugul, heimspekileg könnun á mannlegu hlutskipti. Sjálfur sagði Mahler einmitt að rödd náttúrunnar hljómaði í verkinu, en hann samdi það við bakka Attersee í Austurríki þar sem útsýni yfir vatnið og fjöllin í kring veitti honum stöðugan innblástur og svipmyndir af veðurfari, gróðri og dýralífi ólíkra árstíða fléttuðust inn í tónsmíðarnar. Mahler hafði hugsað sér að halda lengd verksins í skefjum en þegar andinn var kominn yfir hann varð ekki aftur snúið: „Það er sem straumur sköpunarinnar hafi hrifið mig með sér,“ skrifaði tónskáldið í bréfi. „Ég á mér engrar undankomu auðið!“ Símfónían varð sú lengsta af öllum 10 símfóníum hans en hún er í sex þáttum og tekur um eina og hálf klukkustund í flutningi.

Þrátt fyrir lengdina er verkið einkar aðgengilegt og ekki laust við að hlustandinn láti berast með sama straumi og Mahler forðum. Það tilfinningalega ferðalag sem símfónían leiðir hlustandann í er líka varðað lýsandi nöfnum sem tónskáldið gaf þáttunum sex, þótt síðar hafi hann kosið að halda þeim

utan við prentaðar útgáfur verksins. Þannig hefst hinn stórbrotni fyrsti þáttur á því að sumarið heldur innreið sína en þeir næstu eru helgaðir lifandi verum: blómunum á enginu, dýrum skógarins og sjálfum manningum. Síðustu tveir þættir símfóníunnar lúta að upphafnari fyrirbærum: englunum og ástinni, en lokapátturinn er hægur og kærleiksríkur þakk-lætissöngur til alls heimsins.

Þetta stórvirki Mahlers krefst óvenjustórrar símfóníuhljóm-sveitar, tveggja kóra og einsöngvara en með einsöngshlut-verkið fer hin þýska Christina Bock.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Símfóníuhljómsveitar Íslands og það er Eva Ollikainen, aðalhljómssveitarstjóri sveitarinnar, sem stýrir flutningnum.

Gustav Mahler
Símfónía nr. 3

Eva Ollikainen
hljómssveitarstjóri

Christina Bock
einsöngvari

Vox feminae

Stefan Sand Groves
kórstjóri

Stúlknakór Reykjavíkur

**Sigríður Soffía
Hafliðadóttir
Margrét Pálmadóttir**
kórstjórar



Í BEINNI Á RÁS EITT OG RÚVI

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land getað hlustað á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð og eru nær allir tónleikar Sinfóníunnar sendir út á Rás 1. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal á ruv.is. RÚV sjónvarpar einnig beint frá Klassíkinni okkar og sendir út frá fernum tónleikum á starfsárinu auk þess að sýna Jólatónleikana í sjónvarpinu um hátíðirnar.



VINAFÉLAG SINFÓNÍUNNAR

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig á sinfonia.is/vinafelag eða í miðasölu Hörpu.



TÓNLEIKA- KYNNINGAR

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á fjölda tónleikakynninga í Hörpuhorni á starfsárinu. Veitingasala í Hörpuhorni hefst á tónleikadegi kl. 18:00 og geta gestir setið í notalegu umhverfi og pantað veitingar. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Tónleikakynningar eru haldnar í Hörpuhorni á 2. hæð, fyrir framan Eldborg.



SKÓLAKORTIÐ

Námsmenn yngri en 25 ára eiga kost á frábæru tilboði til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Námsmenn ná sér í Skólakort Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu með því að framvísa nemandakorti sínu og geta með því keypt miða á tónleikadegi á alla almenna tónleika Sinfóníunnar á aðeins 2.300 kr. Hægt er að kaupa miða á skólakortskjörum hvar sem er í salnum, allt eftir því hvað er laust á tónleikadegi. Það er ekki hægt að láta svona kostakjör renna sér úr greipum.

Skráning fer fram í miðasölu Hörpu eða á vef hljómsveitarinnar sinfonia.is/skolakort.



OPNAR ÆFINGAR

Sinfóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi fyrir áskriftartónleika í gulri, rauðri og grænni röð. Hægt verður að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu og á sinfonia.is. Lokaæfingin hefst kl. 10:00 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg. Þetta er tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt verður á tónleikum um kvöldið.

Nánari upplýsingar er að finna á sinfonia.is/aefingar.



SKÓLATÓNLEIKAR

Öflugt og fjölbætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun. Fræðslustarfið er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika og samstarf. Skólatónleikar, skólaheimsóknir og leiðsögn nemendahópa er fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar sem einnig starfar að langtímaverkefnum með ungu fólki, bæði einleikurum og hljóðfærahópum. Þróunarverkefni af ýmsum toga eru unnin í samvinnu við skóla og lengra komna nemendur í listnámi.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf á sinfonia.is/raedslustarf.



NÝJAR HLJÓÐRITANIR

Á hverju starfsári hljóðritar hljómsveitin verk til alþjóðlegrar útgáfu. Áhugi erlendra útgefenda á samstarfi hefur farið vaxandi, ekki síst þegar kemur að útgáfu á íslenski tónlist. Í árslok 2022 gaf hljómsveitin út safndisk í samvinnu við Smekkleysu með einleiksverkum og konsertum í flutningi Hallveigar Ólafsdóttur, sem var leiðandi flautuleikari hljómsveitarinnar í áratugi. *Icelandic Works for the Stage* kom út á vormánuðum og þar má finna verk eftir Pál Ísólffsson og Jórinni Viðar. Þá kom út plata á Spotify með upptökum frá tónleikum Laufeyjar og Sinfó sem fóru fram haustið áður. Á vormánuðum komu út tveir diskar hjá Sono Luminus; *Atmospheriques* með verkum eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Önnu Þorvaldsdóttur, Missy Mazzoli og Báru Gísladóttur, undir stjórn Daníels Bjarnasonar, ásamt nýjum diskum með verkum eftir Önnu Þorvaldsdóttur; ARCHORA og AIÖN-sinfónían, undir stjórn Evu Ollikainen.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS 2023 | 24

Fyrsta fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
fyrsti konsertmeistari

Vera Panitch
annar konsertmeistari

Una Sveinbjarnardóttir
þriðji konsertmeistari

Andrzej Kleina

Bryndís Pálsdóttir

Geirþrúður Ása

Guðjónsdóttir

Helga Þóra

Björgvinsdóttir

Hildigunnur Halldórsdóttir

Júlíana Elín Kjartansdóttir

Laufey Jensdóttir

Laufey Sigurðardóttir

Laura Liu***

Lin Wei

Margrét Kristjánsdóttir

Olga Björk Ólafsdóttir

Pálína Árnadóttir

Zbigniew Dubik

Önnur fiðla

Páll Palomares

Gunnhildur Daðadóttir

Dóra Björgvinsdóttir

Greta Guðnadóttir

Ingrid Karlsdóttir

Kristján Matthíasson

Margrét Þorsteinsdóttir

Ólöf Þorvarðsdóttir

Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Þórdís Stross

Justyna Bidler**

NN*

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir

Rita Porfiris

Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Guðrún Hrund

Harðardóttir

Guðrún Þórarinsdóttir

Herdís Anna Jónsdóttir

Kathryn Harrison

Sarah Buckley

Svava Bernharðsdóttir

Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson

Steiney Sigurðardóttir

Bryndís Björgvinsdóttir

Bryndís Halla Gylfadóttir

Guðný Jónasdóttir

Hrafnkell Orri Egilsson

Margrét Árnadóttir

Sigurður Bjarki

Gunnarsson

NN*

Bassi

Xun Yang

NN*

Jacek Karwan

Hávarður Tryggvason

Richard Korn

Þórir Jóhannsson

Flauta

NN

Áshildur Haraldsdóttir

Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel

Peter Tompkins

Matthías Nardeau

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir

Grímur Helgason

Rúnar Óskarsson

Fagott

NN*

Brjánn Ingason

Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson

Asbjörn Ibsen Bruun

Emil Friðfinnsson

Joseph Ognibene

NN

Trompet

NN*

Einar Jónsson

Eiríkur Örn Pálsson

Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

NN*

Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron***

Harpa

Katie Buckley

Píanó

NN*

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout

Frank Aarnink

Eggert Pálsson

STARFSFÓLK

Lára Sóley

Jóhannsdóttir

framkvæmdastjóri

Halla Oddný

Magnúsdóttir

listrænn ráðgjafi

Jökull Torfason

verkefnastjóri

dagskrárgerðar

Valdís Þorkelsdóttir

viðburða- og

skipulagsstjóri

Hrafnhildur Árnadóttir

Hafstað

verkefnastjóri viðburða

Hjördís Ástráðsdóttir

fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og

kynningarstjóri

Kristín Björg

Björnsdóttir

markaðsfulltrúi

Dagrún Hálfánardóttir

mannauðsstjóri

Svanhvít Hrólfsdóttir

fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen

nótnavörður

Cameron Anderton

umsjónarmaður nótna

Sigpór J. Guðmundsson

verkefnastjóri

sviðs- og tæknimála

Björk Björgúlfsdóttir

sviðsmaður

STJÓRN

Sigurður Hannesson

formaður

Herdís Þórðardóttir

varaformaður

Oddný Sturludóttir

Hávarður Tryggvason

Friðjón R. Friðjónsson

VERKEFNAVALSNEFND

Halla Oddný

Magnúsdóttir

formaður

Anna Þorvaldsdóttir

Asbjörn Ibsen Bruun

Eva Ollikainen

Guðrún Hrund

Harðardóttir

Hjördís Ástráðsdóttir

Margrét Ragnarsdóttir

Sigrún Eðvaldsdóttir

Soraya Nayyar

Valdís Þorkelsdóttir

Vera Panitch

Grímur Helgason

varamaður

* ráðningarferli í vinnslu

** tímabundin ráðning

*** í leyfi



STAÐARLISTAMENN OG HLJÓMSVEITARSTJÓRAR 2023 | 2024



EVA OLLIKAINEN

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands spannar 17 ár eða allt frá árinu 2005. Eva hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Á síðasta starfsári stjórnaði Eva Fílharmóníusveit Los Angeles í tvígang, auk þess sem hún þreytti frumraun sína með Fílharmóníusveit BBC á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum sumarið 2022 við mikinn fögnuð.



ROSS JAMIE COLLINS

STAÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI

Ross Jamie Collins hefur þegar vakið athygli í tónlistarheiminum fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og mikla persónutöfra. Hann þreytti nýlega frumraun sína með Philharmonia-hljómsveitinni í Lundúnum ásamt stjórnufiðlu-leikaranum Randall Goosby, hann hefur nýlega stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í San Fransisco í hinni framsæknu SoundBox-tónleikaröð sveitarinnar, auk þess sem hann sneri á dögumum aftur til Sinfóníuhljómsveitarinnar í Turku eftir vel heppnaða frumraun með henni 2021. Þá stjórnaði Collins Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ársbyrjun 2023. Hann er nýtskrifaður úr framhaldsnámi við Colburn-konservatoríið í Los Angeles og hefur samhlíða námi starfað sem Salonen-Fellow undir handarjaðri Esa-Pekka Salonen við Sinfóníuhljómsveitina í San Fransisco. Hefur hann aðstoðað Salonen bæði heima og heiman, svo sem með Philharmonia-hljómsveitinni í Lundúnum, NDR-hljómsveitinni í Elbphilharmonie í Hamburg, Fílharmóníusveitinni í Helsinki og Orchestre de Paris, auk sinfóníuhljómsveitanna í Houston og Filadelfíu.



LEILA JOSEFOWICZ

STAÐARLISTAMAÐUR

Leila Josefowicz hefur verið í fremstu röð fiðluleikara á heimsvísu í áratugi, en hún var undrabarn á hljóðfærið og var farin að koma fram sem einleikari með helstu hljómsveitum heims fyrir tvítugt. Á fullorðinsárum hefur Josefo-wicz helgað sig nýrri tónlist öðru fremur og hefur starfað náið með helstu tónskáldum samtímans að frumflutningi nýrra verka. Má þar nefna John Adams, Thomas Adès, Esa-Pekka Salonen, Oliver Knussen og Matthias Pintscher. Þannig hlaut Josefowicz hin virtu MacArthur-verðlaun árið 2008 fyrir „fyrir að auka við efnisskrá hljóðfæris síns og að heilla áheyrendur með því að tefla hinu framsækna og fjölbreytta á móti hinu hefðbundna.“ Á síðustu árum hefur Josefowicz komið fram með hljómsveitum á borð við Fílharmóníusveit Berlínar, Tonhalle-hljómsveitina í Zurich, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam og sífóníuhljómsveitirnar í Boston, San Fransisco, Cleve-land og Fíladelfíu. Hún hefur gefið út fjölda hljóðritana undir merkjum Deutsche Grammophon, Philips og Warner. Hún kemur tvisvar fram með Sífóníuhljómsveit Íslands á starfsárinu, auk þess sem hún leikur á einleikstón-leikum í föstudagsröðinni.



ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

STAÐARTÓNSKÁLD

Anna Þorvaldsdóttir hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár. Hún semur meðal annars stór sífónísk verk fyrir helstu hljómsveitir heims og hafa bæði Berlínarfílharmónían og Fílharmóníusveit New York-borgar frumflutt eftir hana tónverk á undanförunum árum. Anna hefur gegnt hlutverki staðartónskálds Sífóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018 en samstarf hennar við hljómsveitina spannar mun lengri tíma. Meðal annars samdi hún að beiðni hljómsveitarinnar verkið AERIALITY sem hljómaði fyrst árið 2011 og hefur heyrst víða um heim, meðal annars á nokkrum tónleikaferðalögum Sífóníuhljómsveitarinnar á erlendri grund. Hljómsveitir víða um heim hafa þegar sett verkið á efnisskrár sínar enda telst nýtt verk Önnu Þorvaldsdóttur heimsviðburður. Haustið 2023 verður samstarfinu við Önnu fagnað með sérstakri Önnu-hátíð, þar sem tónleikar með tónlist hennar verða haldnir jafnt í Eldborg, þar sem AIÖN-sífónía hennar fær að hljóma, og Hallgrímskirkju, þar sem ýmis verk hennar fyrir hljómsveit og kór verða á efnisskrá.



DANÍEL BJARNASON

LISTAMAÐUR Í SAMSTARFI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sífóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli víða um heim og hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands. Nýtt verk eftir Daníel hlýtur Íslandsfrumflutning sinn á upphafstónleikum Sífóníuhljómsveitar Íslands haustið 2023, en það er verkið Echo / Narcissus úr þrileiknum I Want To Be Alive þar sem Daníel veitir fyrir sér mörkum mennsku og meðvitundar í heimi gervigreindar. Daníel hefur stjórnað nokkrum hljóðritunum með hljómsveitinni fyrir Sono Luminus. Þannig hafa fjórar plötur útgáfunnar með íslenski tónlist í flutningi hljómsveitarinnar vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning.



KVÍKA
Eignastýring

*Framsækin fjármálaþjónusta
með árangur að leiðarljósi.*

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI Á BETRA VERÐI

ALMENNT MIÐAVERÐ

Miðaverð á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands getur verið breytilegt. Boðið er upp á ólík verðsvæði í Eldborg og því ættu allir að geta valið sér sæti. Nánari upplýsingar um verð á einstaka tónleika er að finna á sinfonia.is og í [miðasölu Hörpu](#).

ÁSKRIFTARKORT


Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti Sinfóníuhljóm- sveitarinnar veitir **20%** afslátt af almennu miðaverði. Tvær raðir veita **25%** afslátt af miðaverði og þrjár raðir veita **30%** afslátt. Áskrifendur fá einnig **10%** afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Endurnýjun og sala korta fer fram á sinfonia.is og í [miðasölu Hörpu](#).

FÖSTUDAGSRÖÐIN OG SVARTA RÖÐIN

Hægt er að kaupa áskrift að Föstudagsröðinni og Svörtu röð- inni með fernum tónleikum með staðarlistamanni starfsárs- ins. Áskrifendur fá **20%** afslátt af almennu miðaverði. Nánari upplýsingar er að finna á sinfonia.is og í [miðasölu Hörpu](#).

SVÆÐI	RAUÐ RÖÐ	GUL RÖÐ	GRÆN RÖÐ	LITLI TÓNSPROTINN
	7 tónleikar	7 tónleikar	5 tónleikar	4 tónleikar
1	43.680 kr.	43.680 kr.	32.000 kr.	11.760 kr.
1+	51.520 kr.	51.520 kr.	37.600 kr.	9.760 kr.
2	35.280 kr.	35.280 kr.	26.000 kr.	
3	26.880 kr.	26.880 kr.	20.000 kr.	

MIÐASALA HÖRPU / SINFONIA.IS / 528 50 50





TVG-ZIMSEN

FLUTNINGSMÍÐLUN

STOLTUR BAKHJARL
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
Í FLUTNINGUM

Útgefandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands, júní 2023

Ritstjóri: Margrét Ragnarsdóttir

Texti: Halla Oddný Magnúsdóttir

Viðtöl: Halla Oddný Magnúsdóttir

og Magnús Lyngdal Magnússon

Hönnun og umbrot: Aton.JL

Myndskreytingar: Sigurður Ýmir,

Viktor Weissshappel og Margrét Aðalheiður

Ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Litróf, umhverfisvottuð prentsmiðja

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar Íslands, **sinfonia.is**.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Harpa, Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Sími 545 2500

sinfonia.is

Sinfóníuhljómsveit Íslands

2023/24



MÍÐASALA Í HÖRPU
SINFONIA.IS
HARPA.IS
528 50 50

@ICELANDSYMPHONY
#SINFÓ



STOLTUR BAKHJARL
KVÍKA
Eignastýring

BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

